

Húsaskráning – Huginn - Húsakönnun

Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir, María Gísladóttir
2019



Minjastofnun
Íslands

The Cultural
Heritage Agency
of Iceland



© 2019
Minjastofnun Íslands
Guðlaug Vilbogadóttir
Guðný Gerður
Gunnarsdóttir
María Gísladóttir

Öll réttindi askilin

Höfundar: Guðlaug Vilbogadóttir, Guðný Gerður Gunnarsdóttir og María Gísladóttir

Teikningar: Magnús Freyr Gíslason

Ljósmyndir á forsíðu:

Mynd 1: Mynd tekin úr turni Landakotskirkju í Reykjavík 2008. Ljósmynd úr gagnasafni MÍ.
Mynd 2: Snartarstaðir í Núpasveit, Norðurþingi. Ljósmynd úr gagnasafni MÍ.

2019, desember.

Minjastofnun Ísland
Suðurgata 39
101 Reykjavík
Iceland
(354) 570 13 00

postur@minjastofnun.is
www.minjastofnun.is

Efnisyfirlit

1.	Inngangur	3
2.	Skráning húsa og mannvirkja	5
2.1	Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja.....	7
2.1.1	Skráning vegna aðalskipulags.....	7
2.1.2	Skráning vegna deiliskipulags	8
2.1.3	Skráning vegna leyfa til framkvæmda.....	10
3.	Huginn	11
3.1	Almennar leiðbeiningar	11
3.1.1	Skráningarformið sótt.....	11
3.1.2	Almennt um skráningarformið.....	12
3.1.3	Fleiri en einn skrásetjari – fleiri en ein gagnaskrá	14
3.2	Leiðbeiningar við einstaka reiti í skráningarformi.....	14
3.2.1	Grunnsskráning	14
3.2.2	Upphafleg gerð húss.....	19
3.2.3	Helstu breytingar á húsi.....	29
3.2.4	Núverandi gerð húss	30
3.2.5	Saga húss.....	31
3.2.6	Varðveislumat.....	32
3.2.7	Heimildaskrá	35
3.3	Skýrslugerð	35
4.	Húsakönnun	37
4.1	Tilgangur	38
4.2	Verklag við gerð húsakönnunar.....	38
4.2.1	Heimildakönnun og gagnasöfnun	39
4.2.2	Skráning húsa	41
4.2.3	Greining byggðar	41
4.3	Varðveislumat og verndarflokkar	42
5.	Frágangur húsakönnunar og skil á gögnum	45
5.1	Frágangur húsakönnunar	45
5.2	Skil á gögnum	45
5.3	Skilaskrá útbúin.....	46
6.	Viðaukar	47
6.1	Innsetning <i>Hugins</i>	47
6.2	Flutningur gagna úr eldra skráningarformi í nýtt	51
6.3	Prentun skýrsluforms og vistun á PDF formi	51
6.4	Skráning mynda	53
6.5	Aðgerðastika skráningarmyndar	54
6.6	Kerfisvalmynd.....	54
6.7	Ítarupplýsingar fyrir Filemaker þróunarumhverfið	55
7.	Heimildaskrá	56

1. Inngangur

Í þessu riti er að finna leiðbeiningar um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana. Í ritinu er gerð grein fyrir þeim kröfum sem Minjastofnun Íslands gerir um skráningu fyrir hvert skipulagsstig. Ritið er ætlað skipulagsyfirvöldum, skipulagshöfundum og þeim sem vinna að skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012 kveða á um að skráning húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Skráning menningarminja er mikilvægur þáttur þess að tryggja verndun og varðveislu menningararfssins. Með skráningu húsa og mannvirkja fæst yfirlit yfir byggingarárfinn sem leggur grunn að því að unnt sé að móta stefnu um verndun hans. Minjastofnun Íslands hefur yfirumsjón með skráningu menningarminja með það að markmiði að samræma skráningu húsa og mannvirkja á landsvísu. Húsa- og mannvirkjaskráning skal unnin af fagaðilum er búa yfir sérþekkingu á sviði byggingarlistar og byggingarsögu, heimildaöflun og reynslu á sviði skráningar og skal skráningin vera í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands.

Í leiðbeiningariti þessu er byrjað á því að greina frá þeim reglum sem gilda um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana. Síðan er *Hugin* lýst, þ.e. skráningarforminu sem Minjastofnun gerir kröfu um að sé notað. Þá er greint frá því hvernig skráning húsa og mannvirkja er nýtt til að vinna húsakönnun og hugmyndafræði liggur þar að baki. Loks er tíundað hvernig æskilegt er að haga frágangi húsakönnunar og hvaða gögnum skuli skila til að gerð húsakönnunar geti talist lokið.

Upplýsingar um uppsetningu og frágang *Hugins* má finna í viðaukum í kafla 6. Nokkrar breytingar hafa verið gerðar á notendaviðmótinu til að auðvelda vinnslu og er því æskilegt að notendur kynni sér viðaukana áður en kerfið er tekið í notkun. T.d. hafa aðgerðir sem ekki eru notaðar daglega og voru á nokkrum stöðum í kerfinu verið fluttar í kerfisvalmynd. Einnig hefur aðgerð til að slökkva á skráningarkerfinu verið flutt í þessa valmynd.

Upplýsingar um uppsetningu Hugins er í viðaukum.

Við gerð leiðbeininganna eru eftirfarandi lög, reglugerðir og reglur höfð að leiðarljósi:

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Lög um verndarsvæði í byggð, 87/2015.

Reglugerð um verndarsvæði í byggð, nr. 575/2016.

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019.

Skipulagslög nr. 123/2010.

Skilgreining nokkurra hugtaka sem notuð eru í leiðbeiningaritinu:

Huginn: Rafrænt skráningarform sem Minjastofnun Íslands lætur í té og gerir kröfum að sé notað við skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana. Með skráningu í *Hugin* verður til grunnur sem húsakönnun byggir á.

Húsakönnun: Byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem byggir á skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsamstæða, byggðaheilda og svipmóti byggðar.

Húsaskráning: Skráning húsa og mannvirkja í *Hugin*.

Skilaskrá: Skrá sem útbúin er til að senda Minjastofnun þegar skráningu er að fullu lokið og viðeigandi gögnum skilað.

Skráningarblað: Blað sem hægt er að prenta út úr *Hugin* um núverandi gerð húss. Hægt er að nota þetta blað þegar útlit og umhverfi húss er skráð á vettvangi.

Skráningarskýrla: Útprentað skýrsluform. Slík skýrsla er ekki húsakönnun.

Skrásetjari: Sá sem skráir í *Hugin*.

Skyrsluform: Form sem búið er til í *Hugin* með skráningu fyrir hvert hús, sem hægt er að prenta út.

Varðveisluflokkar: Þeir þrír flokkar sem varðveislugildi skiptist í, þ.e. hátt, miðlungs eða lágt.

Varðveislugildi húss: Niðurstaða úr mati á þeim fimm gildum sem metin hafa verið fyrir hvert hús og mannvirki og samstæða húsa og götumynda og byggðamynsturs svæða. Gildin eru: *byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi og upprunalegt gildi* og *ástand*.

Varðveislumat: Mat á varðveislugildum.

Verndarflokkar: Verndarstaða húss samkvæmt lögum um menningarminjar, hverfisvernd í aðal- eða deiliskipulagi eða lögum um verndarsvæði í byggð. Flokkarnir eru þessir:

- Friðlýst hús
- Friðað hús
- Umsagnarskylt hús
- Verndarsvæði í byggð
- Einstök hús, götumynd
- Varðveisluberð heild: Samstæður húsa, svæði og heildir

Verndarstaða: Í hvaða verndarflokki hús er.

Skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakönnunar telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun Íslands hefur samþykkt öll skráningargögn og sent formlega staðfestingu sína þar að lútandi.

2. Skráning húsa og mannvirkja

Í lögum um menningarminjar er kveðið á um að skráning húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012

16. gr. *Skráning vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda.*

Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætið fara fram á vettvangi. Minjastofnun Íslands setur reglur um lágmarkskröfur sem gera skal til skráningar fyrir hvert skipulagsstig og er heimilt að gera samkomulag við skipulagsyfirvöld um framvindu skráningarstarfsins enda sé tryggt að því verði lokið innan hæfilegs tíma.

Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrra fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráram með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi. Óheimilt er að veita leyfi til framkvæmda án undanfarandi fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskráningar. Þegar sérstaklega stendur á getur Minjastofnun Íslands veitt undanþágu fyrir framkvæmdum með tilteknun skilyrðum.

Skipulagsyfirvöld skulu tilkynna Minjastofnun Íslands um gerð skipulags-áætlana og verulegar breytingar á þeim og um gerð skýrslna um mat á umhverfisáhrifum.

Skylt er að heimila þá för um landareign sem nauðsynleg getur talist við framkvæmd skráningar sem gerð er fyrir opinbera aðila. Ber að sýna landeiganda tillitssemi og valda ekki raski eða ónæði að þarflausu.

Við skráninguna skal nota rafræna skráningarformið *Hugin* og styðjast við þær leiðbeiningar sem fram koma í riti þessu. Með skráningu í *Hugin* verður til grunnur sem húsakönnun byggir á. Húsakönnun er byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem felst í skráningu húsa og mannvirkja sem studd er sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstakra húsa, húsasamstæða og byggðaheilda. Samkvæmt 37. gr. skipulagslagar nr. 123/2010 skal gera húsakönnun þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi þar sem lagt er mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja og svipmóts byggðar. Samkvæmt lögum um menningarminjar þarf húsakönnun að liggja fyrir áður en deiliskipulag er afgreitt. Með húsakönnun er lagður grundvöllur að ákvörðunum sem varðar verndun byggðar með það að markmiði að tryggja að þær byggi á faglegum rökum. Þá er húsakönnun meðal þeirra gagna sem skal liggja til grundvallar mati á svipmóti byggðar í tillögu að verndarsvæði í byggð, skv. lögum nr. 87/2015.

*Húsaskráning er undanfari húsakönnunar.
Húsakönnun byggir á húsaskráningu.*

Minjastofnun Íslands hefur gefið út reglur um skráningu jarðfastra menningarminja; fornleifa, húsa og mannvirkja, vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019 þar sem skilgreindar eru kröfur Minjastofnunar um skráningu fyrir

hvert skipulagsstig. Tilgangur reglnanna er að auka samræmi við skráningu jarðfastra menningarminja um allt land. Skráning jarðfastra menningarminja veitir upplýsingar um eðli og ástand menningarminja á Íslandi auk þess sem heildarsýn á umfangi þeirra stuðlar að skilvirkni við gerð skipulags og útgáfu leyfa til framkvæmda.

Með lögum um menningarminjar nr. 80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013 voru sett ný ákvæði er varða lagalega verndun húsa og mannvirkja. Það hefur í för með sér að húsakannanir sem gerðar voru fyrir þann tíma þarf að endurskoða því lagaleg staða húsa getur verið breytt. Gerður er greinarmunur á sjálfkrafa friðun húsa og mannvirkja sem eru 100 ára eða eldri og friðlýsingum sem ráðherra ákveður að fenginni tillögu Minjastofnunar og er þinglýst sem kvöð á fasteign. Hús sem voru friðuð samkvæmt eldri lögum teljast nú friðlýst. Einnig er gerð krafa um að landupplýsingagögnum sem verða til við skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakönnunar sé skilað rafrænt til Minjastofnunar sem miðlar upplýsingum um friðuð og friðlýst hús og mannvirki á minjavefsí á vefnum www.minjastofnun.is (sjá kafla 5.2 Skil á gögnum).

Kostnaður við skráningu skal greiddur af þeim sem ber ábyrgð á skipulagsgerð, sem er sveitarstjórn eða sá sem hún heimilar gerð deiliskipulags. Skipulagsyfirlöld skulu tilkynna Minjastofnun um gerð skipulagsáætlana og verulegar breytingar á þeim. Æskilegast er að tilkynning berist Minjastofnun þegar skipulagslýsing liggur fyrir. Ef skipulagslýsing verður ekki gefin út skal tilkynning um skipulagsáform send Minjastofnun með öðrum formlegum hætti. Minjastofnun metur þá þörf á skráningu á skipulagssvæðinu, hvort sem um er að ræða nýskráningu eða endurskoðun eldri skráningar. Þegar skipulagstillaga liggur fyrir skal hún send Minjastofnun Íslands til umsagnar.

Skráningu húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest hana. Öll gögn sem verða til við skráningu skulu afhent Minjastofnun á rafrænu formi, þar með talið skýrsla sem einnig skal skilað í tveimur prentuðum eintökum. Í 5. kafla er gerð grein fyrir hvernig skila skal skráningargögnum, yfirferð þeirra hjá Minjastofnun Íslands og hvernig þau verða nýtt.

Skráningu húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun hefur staðfest hana.

Minjastofnun skal halda skrá yfir friðuð og friðlýst hús og mannvirkni. Upplýsingar um friðlýst hús eru nú aðgengilegar í minjavefsí á vefsíðu Minjastofnunar [www.map.is/minjastofnun]. Skrá yfir friðuð hús er í vinnslu svo enn er ekki um heildarskrá að ræða. Stefnt er að því að færa upplýsingar um hús sem eru 100 ára eða eldri og þar með friðuð inn í kortavefsí á næstunni.

Aðstoð og nánari upplýsingar um skráningu húsa og mannvirkja má fá með því að senda tölvupóst á netfangið husaskraning@minjastofnun.is.

2.1 Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja

Í reglum Minjastofnunar um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda eru skilgreindar kröfur um skráningu fyrir hvert skipulagsstig. Alla jafna skal skráning húsa og mannvirkja liggja fyrir áður en skipulag er samþykkt en í undantekningartilvikum mun stofnunin samþykkja að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja vegna aðalskipulags verði unnin á gildistíma skipulagsáætlunar ef gert er samkomulag með tímasettri áætlun, sem er undirrituð af fulltrúum sveitarfélags og Minjastofnunar sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar. Samkvæmt 16. grein laganna skal skráning húsa og mannvirkja vegna deiliskipulags, það er húsakönnun, liggja fyrir áður en deiliskipulag er afgreitt. Æskilegast er að húsakönnun liggi fyrir snemma í deiliskipulagsferlinu þannig að hafa megi niðurstöður varðveisluums til hliðsjónar við móturn deiliskipulagstillögu.

2.1.1 Skráning vegna aðalskipulags

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda

3. grein

Skráning minja vegna aðalskipulags

Fornleifar, hús og mannvirki í þéttbýli og á svæðum þar sem eru fyrirhugaðar framkvæmdir sem valda jarðraski á skipulagstímanum skulu skráðar á vettvangi áður en aðalskipulag er samþykkt. Undir þetta falla allar byggjingaframkvæmdir, auk þess sem önnur framkvæmdasvæði þar sem jarðrask er fyrirsjáanlegt geta fallið hér undir. Skilgreining slíkra svæða skal gerð í samráði við Minjavörð hvers landshluta. Þetta á einnig við um framkvæmdir í sjó, og vötnum. Fornleifaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu.

Gera skal grein fyrir húsum og mannvirkjum sem falla undir lög um menningarminjar í húsaskrá. Húsaskráningu skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húsaskráningu.

Upplýsingar um friðlýst hús og mannvirki eru aðgengilegar á vef Minjastofnunar Íslands.

Upplýsingar um friðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá, en þær skulu birtar með fyrirvara um að ekki sé alltaf um að ræða rétt byggingarár í þeirri skrá.

Í undantekningartilvikum mun stofnunin samþykkja að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja vegna aðalskipulags verði unnin á gildistíma skipulagsáætlunar ef gert er samkomulag með tímasettri áætlun, sem er undirrituð af fulltrúum sveitarfélags og Minjastofnunar sbr. 2. mgr. 16. gr. laga um menningarminjar.

Í greinargerð með aðalskipulagi skal gera grein fyrir menningarminjum innan marka skipulagssvæðisins. Þar skal koma fram stefna sveitarfélagsins um verndun menningarminja, fornleifa, húsa og mannvirkja. Gera skal grein fyrir þekktum

menningarminjum; fornleifum, húsum og mannvirkjum og sett fram markmið um verndun þeirra.

Í greinargerð með aðalskipulagi skal birta sögulegt yfirlit um upphaf og þróun byggðar, þar sem greind eru helstu tímabil í sögu byggðarlagsins. Birta skal skrá yfir hús og mannvirkni sem falla undir lög um menningarminjar, það er hús sem eru friðlýst, hús sem eru 100 ára eða eldri og þar með friðuð vegna aldurs, og hús sem eru umsagnarskyld, þ.e. byggð 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar 1940 eða fyrr. Slika húsaskrá skal vinna í samræmi við þær leiðbeiningar sem fram koma í þessu riti.

Eftirfarandi skal koma fram:

- Skrá yfir friðlýst hús. Byggingarár. Staðsetning / hnit, ljósmynd. Upplýsingar um friðlýst hús eru aðgengilegar á vef Minjastofnunar [<http://www.minjastofnun.is/hus-og-mannvirki/fridlyst-hus-og-mannvirki/>]
- Skrá yfir aldursfriðuð hús, 100 ára eða eldri. Byggingarár. Staðsetning / hnit, ljósmynd. Bent er á að hagræði getur verið í því að birta skrá yfir hús sem verða 100 ára og þar með friðuð á skipulagstímabilinu.
- Skrá yfir hús byggð 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar 1940 eða fyrr. Byggingarár. Staðsetning / hnit, ljósmynd.

Upplýsingar um aldursfriðuð og umsagnarskyld hús má fá úr fasteignaskrá, en þær skulu birtar með fyrirvara því þar er rétt byggingarár ekki alltaf skráð. Rétt byggingarár fæst með frekari skráningu sem unnin er fyrir deiliskipulag.

2.1.2 Skráning vegna deiliskipulags

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda

4. grein

Skráning minja vegna deiliskipulags

Skipulags- og byggingarfulltrúar og/eða framkvæmdaraðili skal tilkynna Minjastofnun Íslands um fyrirhugaða gerð deiliskipulags með því að senda stofnuninni lýsingu á skipulagsverkefninu til umsagnar sbr. 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Minjastofnun Íslands mun þá kanna aðstæður á skipulagssvæðinu, t.d. með úttekt á vettvangi. Minjastofnun leggur mat á hvort þörf sé að afla frekari gagna, m.a. með skráningu fornleifa, húsa og mannvirkja svo veita megi faglega umsögn.

Fornleifaskráningu vegna deiliskipulags skal vinna í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um fornleifaskráningu. Sýnilegar fornleifar skulu mældar upp og útlínur skráðra fornleifa skulu færðar inn á skipulagsuppdrátt þannig að fram komi með skýrum hætti umfang og afstaða minjanna.

Skrá skal friðuð, friðlýst og varðveisluverð hús, húsasamstæður og mannvirkni á deiliskipulagsreit í samræmi við staðla Minjastofnunar Íslands um húskráningu (sbr. einnig húsakönnun skv. 37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010). Á deiliskipulagsuppdrætti skal sýna staðsetningu húsa og mannvirkja sem falla undir lög um menningarminjar og umfang þeirra.

Skráning vegna deiliskipulags felur í sér ítarlegri skráningu en gerð er vegna aðalskipulags. Áskilið er að skráning fari fram á vettvangi, þar sem sannreynt er að byggingin standi og teknar ljósmyndir sem sýna útlit og ástand hennar á þeim tíma er skráning fer fram. Vettvangsskoðun er mikilvægur hluti skráningar og grunnur að varðveislumati sem birt er í húsakönnun. Í húsakönnun skal leggja mat á gildi húsa og mannvirkja og niðurstaða varðveislumats á að stuðla að því að ákvarðanir sem teknar verða í deiliskipulagi um verndun húsa og mannvirkja byggi á faglegum grunni. Skrá skal hús og mannvirki í *Hugin* samkvæmt reglum Minjastofnunar.

Nauðsynlegt er að endurskoða húsakannanir sem gerðar voru fyrir 1. janúar 2013 þegar nágildandi lög um menningarminjar tóku gildi. Uppfæra þarf skráningu með tilliti til ákvæða um friðlysingu og friðun húsa og mannvirkja og einnig er ástæða til að endurskoða eldra varðveislumat þar sem reynslan sýnir að viðhorf til eldri byggðar breytast. Þá má einnig minna sveitarfélög á að setja fram stefnu í aðalskipulagi um verndun byggðar sem taka þarf tillit til við gerð deiliskipulags. Benda má á að í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2010-2030 er kafli um borgarvernd þar sem sett er fram stefna um verndun byggðar innan Hringbrautar með hverfisvernd (Reykjavíkurborg 2013).

Hverfisskipulag er *sérstök framsetning eða tegund af deiliskipulagi í þegar byggðu hverfi* (37. gr. skipulagslaga nr. 123/2010; skipulagsreglugerð nr. 90, 16. janúar 2013). Það gilda því sömu reglur um skráningu húsa og mannvirkja og gerð húsakannana við gerð hverfisskipulags og deiliskipulags. Í hverfisskipulagi eru settar almennar reglur „um yfirbragð byggðarinnar“, en þær þurfa að byggja á mati á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga, sem er hluti af húsakönnun. Það er sérstaklega mikilvægt að unnin sé húsakönnun fyrir hverfisskipulag þegar því er ætlað að vera „endanlegt“ skipulag, þ.e. ekki verður unnið deiliskipulag fyrir afmörkuð svæði eða reiti innan hverfisins.

*Hverfisskipulag:
Tegund deiliskipulags fyrir þegar byggð hverfi þar sem vikið er frá kröfum sem gerðar eru um framsetningu deiliskipulags fyrir nýja byggð.
[Skipulagsreglugerð nr. 90/2913]*

Skipulagslög 123/2010

Úr 37. grein

Þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðu hverfi skal lagt mat á varðveislugildi svipmóts byggðar og einstakra bygginga sem fyrir eru, með gerð húsakönnunar. Þegar unnið er að slíku hverfisskipulagi er heimilt að vikja frá kröfum um framsetningu sem gerðar eru til deiliskipulagsáætlana í nýrri byggð og leggja frekar áherslu á almennar reglur um yfirbragð [...] byggðarinnar auk almennra rammaskilmála.

2.1.3 Skráning vegna leyfa til framkvæmda

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda

5. grein

Skráning vegna leyfa til framkvæmda

Óheimilt er að veita byggingar- eða framkvæmdaleyfi án undanfarandi fornleifa- húsa- og mannvirkjaskráningar. Áður en sveitarstjórn samþykkir framkvæmdaleyfi eða byggingarleyfi skal hún ganga úr skugga um að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja hafi farið fram á vettvangi skv. lögum um menningarminjar, sbr. 4. gr. reglna þessara. Liggi ekki fyrir samþykki Minjastofnunar á skráningarskýrslu og skráningargögnum, eða vafi leikur á hvort fullnægjandi skráning liggi fyrir, skal leitað samráðs við Minjastofnun Íslands sem tekur afstöðu til þess hvort vettvangskönnun nægi til grundvallar leyfisveitingar eða hvort afla þurfi frekari gagna með skráningu á vettvangi.

Samkvæmt lögum um menningarminjar og reglum um skráningu jarðfastra menningarminja skal skrá menningarminjar áður en sveitarstjórn veitir leyfi til framkvæmda og/eða gefur út byggingarleyfi.

Ef veita á framkvæmdaleyfi í þegar byggðu hverfi án þess að fyrir liggi deiliskipulag skal skrá hús og mannvirkji innan framkvæmdasvæðis samkvæmt reglum Minjastofnunar um skráningu húsa og mannvirkja vegna deiliskipulags. Það sama á við ef veita á byggingar- eða framkvæmdaleyfi á reit þar sem ekki er fyrir hendi deiliskipulag, og nýtt verður heimild til grenndarkynningar á grundvelli 44. greinar skipulagslagar nr. 123/2010. Þá skal hafa samráð við Minjastofnun um skráningu húsa og mannvirkja sem ákveður hvernig skráningu skal hátt að og hvort þörf er á að gera húsakönnun á sama hátt og vegna deiliskipulags (sjá kafla 2.1.2 Skráning vegna deiliskipulags).

3. Huginn

Minjastofnun Íslands hefur látið útbúa rafrænt skráningarform til að skrá hús og mannvirki, sem hlotið hefur nafnið *Huginn*. Allir þeir sem skrá hús og mannvirki á vegum Minjastofnunar Íslands eða vegna skipulagsvinnu skulu nota þetta skráningarform og skila skráningargögnum samkvæmt þeim leiðbeiningum sem hér koma fram.

3.1 Almennar leiðbeiningar

3.1.1 Skráningarformið sótt

Huginn er unninn í forritinu FileMaker. EKKI er þó nauðsynlegt að skrásetjari eigi slíkt forrit því unnið er með svokallaða „runtime“ útgáfu af því. Notendum þarf að vera ljóst að hér er ekki um fullkomna útgáfu forritisins að ræða, heldur er *Huginn* útbúinn í ákveðnum tilgangi og notandi getur ekki gert breytingar á honum eða t.d. sett hann upp á sameiginlegu drifi.

Til að nálgast skráningarformið þarf Minjastofnun að veita skrásetjara aðgang að möppunni *Husaskraning Runtime* í Dropboxi. Best er að senda tölvupóst á netfangið husaskraning@minjastofnun.is til að óska eftir slíkum aðgangi.

Í þessari möppu sem og í viðauka 6.1 er að finna skjal með leiðbeiningum um innsetningu forritsins á tölvu skrásetjara.

Best er að vista möppuna með forritinu á skjáborði tölvunnar sem notuð verður til skráningar. Tekið skal fram að vista þarf forritið á réttan hátt í tölvum allra þeirra sem vinna munu að skráningunni, **því ekki er unnt að vinna með forritið af sameiginlegu drifi og ekki getur nema einn aðili unnið við skráningu í sömu gagnaskrá á sama tíma**. Því er afar mikilvægt að taka reglulega afrit af gagnaskrá forritsins, sem ber ber endinguna „.fmpur“. Ekki má breyta heiti gagnaskrárinnar og ekki fjarlægja neinar skrár úr möppunni með forritinu.

Muna að taka afrit af gagnaskránni. Ending hennar er .fmpur og hana má finna í sömu möppu og .exe skrána.

Nauðsynlegt er að tölvan sem unnið er á hafi ekki minna en **2GB** í innra minni og í henni séu leturgerðirnar (fontar), Arial og Calibri. Þó mælir framleiðandi hugbúnaðarins með því að í vélum sem nota þetta kerfi séu 4 GB í innra minni.

Þurfi einhverra hluta vegna að uppfæra skráningarforritið verður sendur tölvupóstur til þeirra sem fengið hafa aðgang að Dropboxinu. Leiðbeiningar um hvernig staðið er að því að flytja gögn inn í nýja útgáfu forritsins má finna í viðauka 6.2.


3.1.2 Almennt um skráningarformið

Skráningunni er skipt í sjö hluta, þ.e. grunnskráningu húss eða mannvirkis (ásamt fasteignaskrár upplýsingum, ítarupplýsingum og myndum), upphaflega gerð hússins, breytingasögu þess, núverandi gerð hússins, sögu húss, varðveislu mat hússins eða mannvirkisins og loks heimildaskrá. Hér á eftir verður gerð nánari grein fyrir hverjum þessara hluta.

Grunnskráningu getur annast til þess bær aðili, sem hefur aðgang að og hefur þekkingu til að nýta sér öll þau gögn og heimildir sem getið er um í kafla 4.2.1 *Heimildakönnun og gagnasöfnun*, t.d. sagnfræðingur, fornleifafræðingur, þjóðfræðingur. Við aðra hluta skráningarinnar er æskilegt að skrásetjari hafi þekkingu á byggingarlist og sögu hennar. Varðveislumatið þarf arkitekt eða annar sá sem hefur viðtæka þekkingu á byggingarlist, menningarsögu og umhverfi að gera.

Til að lesa inn gögn úr eldri útgáfum skráningarkerfisins þarf að fara í kerfisvalmyndina og velja hnappinn „Lesa gögn úr eldri útgáfu“. Sjá nánar Viðauka 6.2.

Pegar skráningarformið er opnað birtist autt færslublað (færsla – record) að því undanskildu að í reitnum *Skráningardagsetning* er dagsetningin sem það er gert. Undir fyrirsögninni *Minjastofnun Íslands - Skráning húsa og mannvirkja* eru nokkrir hnappar til að búa til nýja færslu, eyða færslu, ferðast á milli færslna, útbúa skýrsluform (sjá síðar) og útbúa skráningarblað til að skrá núverandi gerð húss á vettvangi (sjá síðar). Lengst til hægri er hnappur sem á stendur *Leiðbeiningar*. Þar hefur verið safnað saman öllum þeim leiðbeiningablöðum sem vísað er til í forminu, en **þegar stutt er á spurningamerkin (?) víðs vegar um formið birtast nánari upplýsingar og leiðbeiningar**. Hægt er að stækka rammana með leiðbeiningum með því að toga í hægra neðra hornið og helst þá ramminn þannig.



Undir ? víðs vegar um skráningarformið eru nánari upplýsingar um ýmis atriði.

Byrja þarf á því að stofna nýja færslu svo hægt sé að skrá.

Ný færsla: Hægt er að velja um að nýtt færslublað sé autt eða það „erfi“ ákveðnar upplýsingar úr síðustu færslu.

Pegar stofnuð er ný færsla með hnappnum „Ný færsla“ „erfast“ upplýsingar í reitunum *Heiti, Götuheiti og númer, Póstnúmer, Skráning sveitarfélags og Skrásetjari*. **Muna þarf að breyta götunúmeri í nýju færslunni.** Einnig „erfist“ nafn skrásetjara í skráningarhlutunum um upphaflega, núverandi gerð og sögu húss. Skrái sami einstaklingur ekki allar þessar upplýsingar þarf að muna eftir að breyta nafni hans á viðeigandi stað.

Þegar notað er Ctrl-N til að stofna nýja færslu flytjast engin gögn á milli færslna.

Sé hnappurinn „Ný færsla“ notaður „erfast“ ákveðnar upplýsingar úr síðustu færslu.

Pegar ný færsla er stofnuð með Ctrl-N verður færslan auð.

Tekið skal fram að skráningin vistast sjálfkrafa. „Undo“ virkar einungis í hverjum reit fyrir sig áður en farið er út úr honum.

Leita: Hægra megin við reitinn með minjasvæðinu í grunnskráningunni eru tveir hnappar. Sá með stækkunarglerinu er til að leita í öllum þeim færslum sem búið er að skrá. Pannig má t.d. velja allar færslur með sama götuheiti, sama hönnuð eða sama byggingarár. Takmarka má leitina við einn reit eða setja leitarskilyrði í fleiri reiti.

Þetta kemur sér vel þegar leitað er að því sem búið er að skrá um t.d. eitt ákveðið hús. Ef búið er að skrá t.d. mörg hús við götu sem heitir Aðalgata, en leita á að Aðalgötu 29 nægir að setja „29“ (án gæsalappa) í reitinn *Götuheiti og númer*. Einnig er unnt að nota hnappinn með láréttu línunum hægra megin við reitinn og fá þá lista yfir öll hús sem skráð hafa verið. Síðan er valið það hús sem skoða á með því að velja blýantinn fyrir framan götuheitið og númerið.

Hnappurinn með prentaranum við hlið stækkunarglersins vísar til ýmissa möguleika við prentun o.fl., sjá kafla 3.3 *Skýrslugerð*.

Hægt er að stækka formið með því að nota + og – hnappana sem eru á milli ljósmyndanna. Stækkinin/minnkunin á einnig við um leiðbeiningablöðin.

Stækkun – minnkun.

Um skráningu í gagnagrunninn gilda almennt eftirfarandi reglur:

- Ætið skal skrá mannanöfn og starfsheiti í nefnifalli og ekki nota skammstafanir.
- Skrá skal fullt nafn manna, einnig millinöfn þeirra.
- **Reiti sem eru gulir er nauðsynlegt að fylla út.** Guli liturinn hverfur þegar reiturinn hefur verið fylltur út.
- Þegar um fellilista að ræða er einungis hægt að velja eitt atriði.
- Par sem hakað er við atriði á lista má velja eins mörg atriði og þurfa þykir.
- Undir „Annað“ er hægt að bæta við atriðum sem ekki er að finna á listanum. Sé bætt við fleiri en einu atriði skal skrá öll orðin með hástaf og semíkommu og bili á milli (t.d.: Spíra; Brú).
- Bent er á að í reitunum safnast saman þau atriði sem bætt er við undir „Annað“ og einnig safnast t.d. saman þau nöfn sem skráð eru undir hönnuð, starfsheiti hönnuðar o.fl. Það getur komið sér vel að fletta þessu upp, t.d. þegar nafn hönnuðar er skráð til að fullvissa sig um að nafnið sé alltaf skráð eins. Það er gert með því að vera í reitnum og hægra smella músartakkanum. Í valmyndinni sem þá kemur upp skal velja „Index“ og síðan „From Index“ og velja þar viðeigandi nafn.
- Hægt er að færa bendilinn milli reita með því að nota örvtakkann vinstra megin á lyklaborðinu.
- Í reitum með dagatali er fljóttlegast að breyta ári með því að smella eins oft og þarf á ártalið. Sé nákvæm dagsetning ekki kunn, t.d. einungis mánuður og ár, skal skrá fyrsta dag mánaðarins. Ef einungis ártalið er þekkt skal dagsetningin vera 1. janúar ársins.
- Sé glugginn með skráningarforminu hafður nægilega stór á skjánum er hægt að hafa skráningarformið öðrum megin í glugganum og leiðbeiningablað eða skýrsluformið (sjá síðar) hinum megin.

Gula reiti verður að fylla út.

Sé ártal en ekki dags, þekkt skal nota 1. janúar ársins.

Gott er að hafa skýrsluformið opið þegar skráð er.

3.1.3 Fleiri en einn skrásetjari – fleiri en ein gagnaskrá

Í vissum skilningi má líkja *Hugin* við eyðublað sem skrásetjara er fengið í hendur, því ekki er hægt að breyta eyðublaðinu eða formi þess og ekki geta tveir unnið með sama eyðublaðið samtímis.

Í þeim tilvikum þar sem fleiri en einn skrásetjari kemur að skráningunni þurfa þeir að senda gagnaskrána á milli sín. Skráningargögnum er að finna í skránni sem ber endinguna „fmpur“ en ber að öðru leiti sama heiti og .exe skráin. Ekki má breyta nafni gagnaskrárinnar. Það getur til dæmis verið að aðili frá byggða- eða skjalasafni skrái grunnupplýsingar, upphaflega gerð húss, sögu þess og breytingar sem gerðar hafa verið á því. Síðan tekur annar skrásetjari með þekkingu á byggingarlist og byggingarsögu við og skráir núverandi gerð og gerir varðveislumatið. Allir sem að skráningunni koma þurfa að hlaða forritinu niður í sína vinnutölvu og síðan er gagnaskráin send á milli eins og hvert annað eyðublað eða word-skjal, þ.e. ætið verður að gæta vel að því hvar nýjasta útgáfa skjalsins er og bæta við upplýsingum í þá útgáfu.

Við þessar aðstæður getur verið heppilegt að skipta svæðinu upp í fleiri en eina skrá, t.d. eftir götum eða öðrum kennileitum. Það á sérstaklega við ef um mjög stórt svæði er um að ræða.

Sé unnið með fleiri en eina gagnaskrá er best að afrita möppuna sem ber heitið Huginn<útgáfunúmer> í heild sinni með öllum þeim skrám sem í henni eru. Heimilt er að breyta nafninu á þessum möppum m.v. það svæði/hverfi sem skráð er í gagnaskrána, en **ekki er heimilt að breyta nafni gagnaskrárinnar**. Því er mikillar aðgæslu þörf þegar gagnaskráin er flutt á milli skrásetjara og gæta þarf þess vandlega að ætið sé unnið í nýjustu útgáfu skrárinnar á því svæði sem hún tilheyrir.

3.2 Leiðbeiningar við einstaka reiti í skráningarformi

3.2.1 Grunnskráning

Áður en skráningavinna hefst er hægt að fá hjá Minjastofnun Íslands upplýsingar um þau hús á svæðinu sem til eru í gagnagrunni stofnunarinnar. Heimilt er að breyta þeirri skráningu telji skráningaraðili sig hafa réttari upplýsingar en þar koma fram.

Það getur verið til mikilla þæginda að hafa *Skýrsluformið* opið þegar skráning í *Hugin* fer fram.

Númer í gagnasafni MÍ: Þessi reitur er hafður auður.

Heiti:

Hér er skráð heiti húss (í nefnifalli), sé það notað eða hafi verið notað. Hafi hús heimilisfang við götu en ekki heiti, skal skrá heimilisfang bæði hér og í reitinn *Götuheiti og númer*. Einungis önnur færslan kemur fram í skýrsluforminu.

Annað heiti:

Hér er skráð heiti sem hús hefur gengið undir ádur eða fyrra eða fyrri heimilisföng hafi götuheiti verið breytt eða hús verið flutt. Skrá má fleiri en eitt heiti með kommu (.) á milli. Skýringar, t.d. um ástæðu nafnabreytingar, breytt götuheiti eða upplýsingar um tímabilið sem húsið hafði ákveðið nafn skal skrá í *Athugasemdir* sem er fyrir ofan myndina hægra megin.

Götuheiti og númer:

Hér er skráð gata og húsnúmer eða nánari staðsetning húss utan þéttbýlis, t.d. fjörður, dalur, sveit eða því um líkt (allt skráð í nefnifalli).

Aftan við reitinn er hnappur sem hægt er að nota til að raða heimilisföngum í stafrófs- og númeraröð. Við hlið hans er svo hnappur sem sýnir einfaldan lista með þeim skráningum sem gerðar hafa verið. Hægt er að velja ákveðna færslu í gegnum þennan lista.

Póstnúmer:

Póstnúmer skv. fellilista. Sé póstnúmer skráð birtist staður skv. póstnúmeraskrá. Hægt er að velja hvort heldur sem er númer eða heiti. Unnt er að stytta sér leið með því að opna fellilistana og styðja t.d. á 4 á hnappaborðinu og hleypur þá bendillinn á póstnúmerið 400. Þetta á einnig við um fyrsta bókstaf í staðarheiti. Pegar póstnúmer hefur verið valið birtist viðeigandi skráning sveitarfélags og minjasvæðis.

Skráning sveitarfélags:

Sé póstnúmer ekki vitað er nauðsynlegt að skrá sveitarfélagið. Listinn er skv. sveitarfélagaskrá Sambands íslenskra sveitarfélaga og viðeigandi *Minjasvæði* sem MÍ hefur skilgreint færist sjálfkrafa. Hægt er að velja hvort heldur sem er númer eða sveitarfélag. Hægt er að stytta sér leið með því að velja fyrsta tólu- eða bókstaf. Skipting minjasvæða og sveitarfélaga er þessi:

Reykjavík og nágrenni

0000	Reykjavíkurborg
1000	Kópavogsþær
1100	Seltjarnarnesþær
1604	Mosfellsþær
1606	Kjósarhreppur
	Reykjanes
1300	Garðabær
1400	Hafnarfjardarkaupstaður
2000	Reykjanesþær
2300	Grindavíkurbær

Hafi hús ekki heiti skal tvískrá götuheiti og númer.

Hnappur til að raða heimilisföngum í stafrófsröð.

2506	Sveitarfélagið Vogar
2510	Suðurnesjabær Vesturland
3000	Akraneskaupstaður
3506	Skorradalshreppur
3511	Hvalfjarðarsveit
3609	Borgarbyggð
3709	Grundarfjarðarbær
3710	Helgafelssveit
3711	Stykkishólmbsbær
3713	Eyja- og Miklaholtshreppur
3714	Snaefellsbær
3811	Dalabyggð Vestfirðir
4100	Bolungarvíkurkaupstaður
4200	Ísafjarðarbær
4502	Reykholahreppur
4604	Tálknafjarðarhreppur
4607	Vesturbayggð
4803	Súðavíkurhreppur
4901	Árneshreppur
4902	Kaldrananeshreppur
4911	Strandabyggð Norðurland vestra
5200	Sveitarfélagið Skagafjörður
5508	Húnabjöng vestra
5604	Blönduósþær
5609	Sveitarfélagið Skagaströnd
5611	Skagabyggð
5612	Húnnavatnshreppur
5706	Akrahreppur Norðurland eystra
6000	Akureyrarbær
6100	Norðurþing
6250	Fjallabyggð
6400	Dalvíkurbyggð
6513	Eyjafjarðarsveit
6515	Hörgársveit
6601	Svalbarðsstrandarhreppur
6602	Grýtubakkahreppur
6607	Skútustaðahreppur
6611	Tjörneshreppur
6612	Bingeyjarsveit
6706	Svalbarðshreppur
6709	Langanesbyggð Austurland
7000	Seyðisfjarðarkaupstaður
7300	Fjarðabyggð
7502	Vopnafjarðarhreppur
7505	Fljótsdalshreppur
7509	Borgarfjarðarhreppur
7617	Djúpavogshreppur
7620	Fljótsdalshérað
7708	Sveitarfélagið Hornafjörður Suðurland
8000	Vestmannaeyjabær
8200	Sveitarfélagið Árborg
8508	Mýrdalshreppur
8509	Skaftárhreppur
8610	Ásahreppur
8613	Rangárþing eystra
8614	Rangárþing ytra
8710	Hrunamannahreppur
8716	Hveragerðisbær
8717	Sveitarfélagið Ölfus
8719	Grímsnes- og Grafningshreppur

- 8720 Skeiða- og Gnúpverjahreppur
8721 Bláskógbabyggð
8722 Flóahreppur

Bæði póstnúmer og sveitarfélög taka breytingum. Nauðsynlegar breytingar á skránni er unnt að gera með því að fara í kerfisvalmyndina, velja *Póstnúmeraskrá* og breyta því sem breyta þarf. Upplýsingar um aðgengi að kerfisvalmyndinni má finna í Viðauka 6.6.

**Byggingarár
skv. fasteignaskrá:**

Hér skal skrá það byggingarár sem fram kemur í Fasteignaskrá Pjóðskrár. Sé húsið eða mannvirkið ekki í Fasteignaskrá skal þessi reitur vera auður.

Reiturinn skal vera auður sé húsið ekki skráð í Fasteignaskrá.

Landnúmer:

Hér skal skrá númer þess lands/lóðar sem húsið eða mannvirkið stendur á skv. Fasteignaskrá. **EKKI SKAL SKRÁ L FYRIR FRAMAN NÚMERIÐ.**

Fastanúmer:

Hér skal skrá þau fastanúmer sem tilheyra húsinu skv. Fasteignaskrá. **EKKI SKAL SKRÁ FASTANÚMERIÐ MEÐ BANDSTRIKI OG EKKI MEÐ F-I FYRIR FRAMAN.** Tilheyri fleiri en eitt fastanúmer húsi skal skrá þau öll með kommu á milli, þ.e. xxxxxxx, xxxxxx, xxxxxx
Minnt er á að eðlilegt er að gera sérstaka færslu fyrir hvert hús sem stendur á lóð eða landi. Í Fasteignaskrá hafa t.d. úтиhus á jörð ýmist sérstakt númer eða ekki.
Í einstaka tilvikum getur verið eðlilegt að gera fleiri en eina færslu um t.d. stórt frystihús eða annað atvinnuhúsnaði, sem margoft hefur verið byggt við.
Fastanúmer breytist sé hús flutt. Gott er að skrá þá gamla fastanúmerið í reitinn *Athugasemdir*.

Einkvaemt númer:

Í undirbúnungi er að Fasteignaskrá stofni einkvaemt númer fyrir hvert hús/mannvirki. Par til slík númer liggja fyrir skal ekki skrá í pennan reit.

Athugasemdir við byggingarár:

Hér skal skrá athugasemdir við byggingarár, t.d. ef byggingarár er ekki vitað með vissu. Hér má t.d. skrá ef hús er talið byggt á tímabilinu 1910-1920 eða ef hús er eldra en 1920 (< 1920).

Fyrsta brunavirðing númer:

Hér skal skrá númer fyrstu brunavirðingar skv. virðingabók.

Dags. fyrstu brunavirðingar:

Fljótlegast er að breyta ári með því að smella eins oft og þarf á ártalið. Sé nákvæm dagsetning ekki kunn, t.d. einungis mánuður og ár, skal skrá fyrsta dag mánaðarins. Ef einungis ártalið er þekkt skal dagsetningin vera 1. janúar ársins.

Flutningsár:

Hér er skráð það ár sem húsið var flutt síðast.
Hafi húsið verið flutt áður skal getið um það í
reitnum *Saga húss*.

Leiðrétt (ætlað)
byggingarár:

Nauðsynlegt er að skrásetjari sannreyni það
byggingarár sem skráð er í Fasteignaskrá og
leiðrétti það ef þurfa þykir. Hér er skráð það ár
sem skrásetjari telur að húsið hafi verið byggt.
Það getur verið það sama og skráð er í
Fasteignaskrá og er þá sama ártalið hér og í
reitnum *Byggingarár skv. fasteignaskrá*. Sé
ætlað byggingarár annað en skráð er í
Fasteignaskrá skal skrá rök eða heimild í
reitinn *Heimild*.

**Nauðsynlegt er að skrá byggingarár í
þennan reit, jafnvel þó það sé sama
byggingar og í reitnum *Byggingarár
skv. fasteignaskrá*, því í þennan reit er
sótt byggingarárið sem birtist í
skýrsluforminu** (sjá síðar).

Heimild:

Hér er skráð heimild fyrir því að ætlað
byggingarár er annað en byggingarár
Fasteignaskrár. Hér getur t.d. verið um að ræða
brunavirðingar og aðrar heimildir sem til eru
hjá sveitarfélagi, húsakönnun, rit, tíma-
ritsgrein, ljósmynd eða heimildamaður.

Hnit:

Hnit skal skrá í hnítakerfinu ISN93 (Icelandic
Grid). Ætlast er til að hnit séu ekki handskráð
heldur afrituð úr gagnatöflu staðsetningar-
tækis. Sé hnit tekið af loftmynd skal hnitið tekið
á miðju húss.

Verndarstaða skv. lögum
um menningarminjar:

Hér er skráð hvaða vernd húsið nýtur skv.
lögum um menningarminjar nr. 80/2012.
Notaður er eftirfarandi fellilisti:

- Friðlýst: Ákvörðun ráðherra samkvæmt
lögum um menningarminjar nr. 80/2012
eða friðað fyrir 1. jan. 2013, þ.e. var friðað
þegar nágildandi lög um menningarminjar
tóku gildi.
- Friðað: 100 ára eða eldra (ef ekki friðlýst).
- Umsagnarskylt: Hvorki friðað eða friðlýst,
en hús eða mannvirki byggt árið 1925 eða
fyrr **eða kirkja sem reist var 1940 eða
fyrr**.

Verndun:

Hér er átt við hvort hús eða mannvirki sé á
svæði sem skilgreint hefur verið sem
verndarsvæði í byggð eða njóti hverfisverndar
skv. ákvörðun sveitarfélags. Um bæði þessi
verndarform getur verið að ræða.

Dags. friðlýsingar
(áður friðunar):

Hér skal skrá dags. friðlýsingar (áður friðunar)
skv. friðlýsingarskjali eða upplýsingum sem
fengnar eru hjá Minjastofnun Íslands. Lista yfir

*Nauðsynlegt er að sann-
reyna það byggingarár
sem fram kemur í Fast-
eignaskrá.*

*Skrá verður byggingar-
ár í þennan reit.*

*Dags. 1. janúar 1990 skal
notuð fyrir hús sem voru
aldursfriðuð skv. eldri
lögum.*

**Umtak friðlýsingar
(áður friðunar):**

öll friðlýst hús er að finna á vef Minjastofnunar Íslands.

Athugið að ekki voru gerð friðlýsingarskjöl ef hús var aldursfriðað skv. eldri lögum. Í þeim tilvikum skal nota dags. **1. janúar 1990.**

Hér skal skrá skilgreiningu friðlýsingar skv. friðlýsingarskjali. Tekið skal fram að ekki var gefið út friðlýsingarskjali vegna húss sem aldursfriðað var skv. eldri lögum, en telst friðlýst nú. Í þeim tilvikum skal rita orðið **Aldursfriðun** í reitinn.

Athugasemdir:

Hér má koma á framfæri athugasemendum eða skrá viðbætur við grunnskráningu. **Hér skal t.d. skrá númer þeirra fornleifa sem eru á lóð hússins skv. fornleifaskrá.**

Ljósmyndir:

Forritið heimilar að notaðar séu myndir af gerðinni jpg, png, bmp eða tiff. Hægt er að setja ljósmynd inn með því að draga ljósmynd úr tölvunni og sleppa henni í myndareitinn. Einnig er hægt að afrita mynd með því að nota „copy“ og „paste“. Jafnframt má hægri smella á myndasvæðið og velja „Insert Picture“ og sækja myndina í skráarkerfi tölvunnar („browse“). Þá er hægt að afrita beint inn í myndasvæðið mynd sem útbúin er með „Snapshot“ úr pdf-skjali.

Gömul mynd:

Afar gagnlegt er að finna ljósmynd sem sýnir útlit hússins í sem upprunalegustu ástandi, en að sjálfsögðu er slík ljósmynd oft ekki til. Ef ekki er til eldri mynd er mælt með að hér sé sett teikning sem sýnir upprunalegt útlit sé hún fyrir hendi.

Ný mynd:

Ný ljósmynd sýni annað hvort heildarútlit framhliðar húss eða mannvirkis eða sýni húsið frá sama sjónarhorni og gamla myndin af húsinu.

Myndatexti:

Hægt er að setja stuttan myndatexta undir myndirnar. Aðaláherslan er lögð á að hér komi fram hvaða ár myndin var tekin eða teikning gerð, hver tók myndina eða hvaðan hún er fengin.

Ekki eru gefin út friðlýsingarskjöl þegar hús eru/vorur aldursfriðuð.

Skrá skal númer fornleifa á lóð skv. fornleifa-skrá.

Í myndatexta komi frá hvenær myndin var tekin og hver tók hana.

Á milli ljósmyndanna eru þrír hnappar sem gera kleift að stækka skjámyndina eða minnka eftir þörfum. Sjá einnig Viðauka 6.4.

3.2.2 Upphafleg gerð húss

Skrásetjari:

Hér er ritað nafn skrásetjara í nefnifalli.

Skrásetningardags.:

Hér birtist sá dagur sem færslan er stofnuð. Heimilt er að breyta þessari dagsetningu.

Hönnuður:

Í þennan reit er forskráð „Ekki þekktur“. Sé nafn hönnuðar ekki vitað skal það standa óbreytt.

Skrá skal fullt nafn hönnuðar í nefnifalli. Ekki er gert ráð fyrir að hér sé skráð nafn þess sem byggði húsið „af fingrum fram“, en smiða má gjarnan geta í sögu hússins, séu þeir þekktir.

Bent er á að í reitnum safnast saman þau nöfn sem skráð eru. Það getur komið sér vel að fletta þessu upp til að fullvissa sig um að nafnið sé alltaf skráð eins. Það er gert með því að vera í reitnum og hægra smella műsartakkanum. Í valmyndinni sem þá kemur upp skal velja „Index“ og síðan „From Index“ og velja þar viðeigandi nafn.

Starfsheiti hönnuðar:

Skráð í nefnifalli. Nokkur starfsheiti eru forskráð, en bæta má við þau með „Annað“.

Dags. fyrstu samþ.
teikn.:

Hér skal skrá þá dagsetningu sem hönnuður hefur sett á þá teikningu sína sem samþykkt hefur verið af byggingafulltrúa. Gott er að skrá dagsetninguna sem teikningin var samþykkt í reitinn *Athugasemdir*, sérstaklega ef langt hefur liðið frá því að hönnuður lauk teikningunni þar til hún er samþykkt.

Upphaflegur smiður
húss:

Sjá: *Hönnuður*.

Fyrsti eigandi:

Sjá: *Hönnuður*.

Starfsheiti fyrsta
eiganda:

Skráð í nefnifalli.

Aðalbyggingarefni húss:


Gera skal grein fyrir upphaflegu byggingarefni húss, frágangi og últli. Ekki er átt við þak eða undirstöður. Hafi húsið upphaflega verið byggt úr fleiri en einu aðalbyggingarefni eða frágangur ekki eins á öllu húsinu í upphafi skal tilgreina hér efni og frágang meginhluta hússins í fellilista, en geta um annað efni eða frágang í reitnum *Athugasemdir*.

Frágangur útveggja:

Hér skal skrá hvernig upphaflega var gengið frá útveggjum. Hafi húsið upphaflega verið með fleiri en einni gerð útveggjafrágangs skal tilgreina hér hvernig gengið var frá meginhluta hússins, en annar frágangur tilgreindur undir í *Athugasemdum*.

Gerð timburklæddra
útveggja:

Hér skal skrá upphaflega gerð timburklæddra veggja. Hafi fleiri en ein gerð verið notuð skal geta þess í *Athugasemdum*. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar.



Mynd 1 Gerð timburklæddra útveggja

Gerð múrhúðaðra útveggja:









Hér skal skrá upphaflega gerð meginhluta múrhúðaðra útveggja. Hafi fleiri en ein gerð verið notuð skal geta þess í *Athugasemdum*.

Gluggaefni:

Hér skal gera grein fyrir því efni sem notað var upphaflega í glugga hússins. Hafi einstakir gluggar verið úr öðru efni skal geta þess í *Athugasemdum*.

Þakgerð:


Hér skal gera grein fyrir upphaflegri lögun þaks á aðalhluta hússins. Hafi einstakir húshlutar verið með annarri þakgerð skal geta þess í Athugasemdum. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar.



Mynd 2 Þakgerðir

Þakklæðning:

Hér skal gera grein fyrir upphaflegri þakklæðningu. Hafi einstakir þakhlutar verið með annari klæðningu skal geta þess í *Athugasemdum*. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar.




Mynd 3 Þakklæðningar

Þakkantar:

Hér skal gera grein fyrir upphaflegum frágangi þakkanta. Hafi einstakir þakhlutar verið með öðrum frágangi skal geta þess í *Athugasemdum*.

Upphaflegt útlit:


Hér skal skrá atriði sem einkenna upphaflegt útlit húss. Velja má eins mörg atriði og þurfa þykir og bæta við atriðum í „Annað“. Sé bætt við fleiri en einu atriði skulu orðin höfð með hástaf og semíkomma (;) og bil milli orða. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar.



Mynd 4 Útlit

Frágangur:

Hér skal skrá upphaflegan frágang á ytra borði húss. Velja má eins mörg atriði og þurfa þykir og bæta við atriðum í „Annað“. Sé bætt við fleiri en einu atriði skulu orðin höfð með hástaf og semíkomma (;) og bil milli orða. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar. Sé byggingarhluti sérstaklega skreyttur, t.d. útskorinn eða skrautmálaður, skal taka það fram í Athugasemnum.



Mynd 5 Frágangur

Gluggagerð:

Hér skal skrá upphaflega gluggagerð. Velja má eins mörg atriði og þurfa þykir og bæta við atriðum í „Annað“. Viðbótarupplýsingar má skrá í Athugasemdir. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar.

Tekið skal fram að sá gluggi sem merktur er með *Rammar/fög* er með einum lóðréttum miðpósti og fögum sitt hvorum megin við hann. Velja skal þennan glugga þó rúður í fögum séu fleiri og geta um fjölda rúða í reitnum *Fjöldi rúða*.



Bogadregnir gluggar




Krosspósta gluggar



Ósamhverf skipan.
Ein- eða fjölpósta



T-pósta gluggar



Póstalausir gluggar



Rammar / Fög

Mynd 6 Gluggagerð

Fjöldi rúða: Hér skal skrá þann rúðufjölda sem var í þeirri gerð glugga sem algengastir voru í húsinu. Nánari upplýsingar skal skrá í *Athugasemdir*.

Byggingarstíl: Hér skal skrá þann byggingarstíl sem upphafleg gerð hússins getur flokkast undir. Miðað er við eftirfarandi flokkun:

1. TORFHÚS

Þ.m.t. framhús úr timbri eða steini sem voru/eru hluti torfbæjarsamstæðu. Sé húsið torfhús er æskilegt að fram komi í *Athugasemendum* hvernig veggjatorfið er (klambra, strengur o.s.frv.), hvort grjót sé í hleðslunni, hve mörg umför hleðslan er, hver þakgerðin sé og annað sem á eingöngu við torfhús.

2. STEINHLAÐIN HÚS

Tímabil: 1750-1915 eða síðar. Öll hús hlaðin að hluta til eða að öllu leyti úr náttúrusteini, þ.m.t. steinbærir. Sé um steinbær að ræða skal geta þess sérstaklega í *Athugasemдум*.

3. TIMBURHÚS - ELDRI GERÐ

Tímabil: 1760-1900 eða síðar.
Þ.m.t. dansk og dansk-íslensk gerð, timburklassík, barrok.

4. TIMBURHÚS – SVEITSERSTÍLL

Tímabil: 1890-1915 eða síðar
Járn- og timburklædd, þ.m.t. hús með sveitsereinkennum og timburhús af einfaldri gerð.

5. STEINSTEYPUKLASSÍK

Tímabil: 1900-1930 eða síðar
Steinsteypt hús með sögulegum stíleinkennum, þ.m.t. klassík, nýbarrok og júgend.

6. FUNKSJÓNALISMI

Tímabil: 1930-1945 eða síðar
Hús með funkiseinkennum, s.s. horngluggum, valmapökum og steiningu.

7. MÓDERNISMI

1945-1975 eða síðar
Hús með einkennum módernisma, s.s. einhalla eða flöt þök, gler- og litaflétir.


8. ANNAÐ

Hús byggð eftir 1975, hús og mannvirki sem erfitt er að stílgreina.
Nánari upplýsingar komi fram í *Athugasemдум*.


Lýsa skal torfhúsum nánar í *Athugasemдум*.

Staða kvista:

Hér skal skrá hver upphafleg staða kvista var í þakfleti. Meðfylgjandi skýringarmynd skal höfð til hliðsjónar.



Kvistur í þakfleti



Kvistur upp af útvegg

Mynd 7 Staða kvista

Fjöldi kvista:

Hér skal skrá upphaflegan fjölda kvista á hverri hlið hússins.

Þak kvista:

Hér skal skrá hvernig lag var upphaflega á þökum kvista. Hafi allir kvistir ekki verið með sams konar þaki skal skrá þá gerð hér sem algengust var en geta um aðrar þakgerðir í *Athugasemdum*.

Fjöldi þakglugga:

Hér skal skrá upphaflegan fjölda þakglugga á hverri hlið hússins.

Efni þakglugga:

Hér skal skrá upphaflegt efni þakglugga. Hafi einstakir þakgluggar verið úr öðru efni skal þess getið í *Athugasemdum*.

Lögun þakglugga:

Hér skal skrá upphaflega lögun þakglugga. Hafi einstakir þakgluggar verið með aðra lögum skal þess getið í *Athugasemdum*.

Undirstaða:

Hér skal skrá upphaflega gerð þeirrar undirstöðu sem húsið stóð á.

Frágangur undirstöðu: Hér skal skrá frágang á ytra borði upphaflegrar undirstöðu.

Upphafleg notkun: Hér skal skráð í hvaða tilgangi húsið var byggt. Velja má eins mörg atriði og þurfa þykir og bæta við atriðum í „Annað“. Sé bætt við fleiri en einu atriði skulu orðin höfð með hástaf og semíkomma (:) og bil milli orða. I *Athugasemdirum* skal tilgreina nánar um hvers konar iðnað, landbúnað, menningarstarfsemi, verslun og þjónustu var að ræða.

Stærð: Hér skal skrá upphaflega hæð, lengd og breidd hússins. Velja má um hvort mælieiningin metrar eða álnir er notuð. Hér er átt við danska alin frá 19. og 20. öld, sem var 24 þumlungar eða 62,7 cm.

Annað á lóð: Hér skal gera grein fyrir þeim byggingum sem voru á lóð hússins um það leyti sem það var byggt. Á bónðabæ skal tilgreina þau mannvirki sem næst stóðu. Velja má eins mörg atriði og þurfa þykir og bæta við atriðum í „Annað“. Sé bætt við fleiri en einu atriði skulu orðin höfð með hástaf og semíkomma (:) og bil milli orða. **Þau mannvirki sem hér eru nefnd skal skrá sérstaklega á viðeigandi hátt standi þau enn.**

Ef um friðlýstar eða friðaðar fornleifar er að ræða skal skrá þær í fornleifaskrá og geta um skráningarnúmer þeirra í Athugasemdir í Grunnskráningu.

Athugasemdir: Hér má skrá viðbótarupplýsingar um þau atriði sem skráð hafa verið hér að ofan eða önnur atriði og hugleiðingar sem skrásetjari vill koma á framfæri.

Skrá skal í Athugasemdir hvers konar iðnað, menningarstarfsemi, verslun og þjónustu var um ræða.

Undirstöðu	Steinsleyppt
Frágangur undirstöðu	Síett
Hæð húss	6,9 <input checked="" type="checkbox"/> m <input type="checkbox"/> áln
Lengd húss	10,1 <input type="checkbox"/> áln <input checked="" type="checkbox"/> m <input type="checkbox"/> 16,1 <input type="checkbox"/> áln
Breidd húss	6,4 <input type="checkbox"/> m <input checked="" type="checkbox"/> 10,2 <input type="checkbox"/> áln

Sérstök færsla skal vera fyrir hvert mannvirki á lóðinni.

Fornleifar skal skrá í fornleifaskrá. Númer þeirra þar er skráð í Athugasemdir í Grunnskráningu.

3.2.3 Helstu breytingar á húsi

Byrja þarf á því að stofna fyrstu breytingarfærslu. Þegar ný breytingarfærsla er stofnuð birtist hún efst, en færist síðan í rétta ártalaröð þegar ártal breytingar hefur verið skráð og þannig raðast breytingarnar á skýrsluformið.

Athugið að aðeins er rúm fyrir fimm breytingar á skýrsluforminu. Séu skráðar fleiri breytingar þarf að velja hvaða breytingar birtast á skýrsluforminu með haki fyrir framan *Prenta* efst í færslunni. Þetta hak kemur sjálfkrafa á allar færslur, þannig að taka þarf það af á þeim færslum sem ekki eiga að birtast á skýrsluforminu.

Athugið einnig að textinn um breytingarnar þarf að vera mjög stuttur og lýsandi. Til þæginda er gott að hafa skýrsluformið opið á meðan breytingar eru skráðar. Þannig er betra að átta sig á hvernig breytingarfærslur birtast á skýrsluforminu.

Fastanúmer:	Hér skal skrá fastanúmer skv. Fasteignaskrá. Hafi fastanúmerið breyst, t.d. við flutning á húsinu, þarf að breyta því í Grunnskráningu. Gamla fastanúmerið skal skrá í <i>Athugasemdir</i> í Grunnskráningu.	Breyting fastanúmers.
Ár:	Hér er átt við það ár sem breyting á húsi fór fram.	
Dagsetning teikningar:	Hér er skráð dagsetningin á teikningu sem breytingin sem fjallað er um er gerð eftir. Hér skal skrá þá dagsetningu sem hönnuður hefur sett á þá teikningu sína sem samþykkt hefur verið af byggingafulltrúa. Gott er að skrá dagsetninguna sem teikningin var samþykkt í reitinn <i>Heimildir</i> , sérstaklega ef langt hefur liðið frá því að hönnuður lauk teikningunni þar til hún er samþykkt.	
Hönnuður:	Hér skráð nafn þess hönnuðar í nefnifalli sem hannar umrædda breytingu.	
Starfsheiti hönnuðar:	Hér skal skrá starfsheiti hönnuðar.	
Númer brunavirðingar:	Hér skal skrá brunavirðingarnúmer hússins.	
Dags. brunavirðingar:	Hér skal skrá dagsetningu þeirrar brunavirðingar sem gerð var eftir að sú breyting sem fjallað er um var gerð.	
Breyting:	Hér skal í stuttu máli gera grein fyrir því hvernig húsi var breytt. Lögð er áhersla á að þessi texti sé stuttur og hnittmiðaður, því það komast bara tvær linur fyrir á skýrsluforminu. Einungis fimm breytingar komast fyrir á skýrsluforminu. Því þarf að velja þær breytingar sem þar eiga að birtast með því að krossa við í reitnum <i>Prenta</i> .	
Heimildir:	Hér skal tíunda þær heimildir sem vitna um þá breytingu sem gerð var á húsinu – aðrar en teikningar. Munið að afrita þessar heimildir í heimildaskrána undir flípanum <i>Heimildaskrá</i> . Í heildarheimildaskránni skulu teikningarnar sem hér er vitnað til skráðar.	

3.2.4 Núverandi gerð húss

Þetta skráningarform er unnt að prenta út, t.d. til að fara með á vettvang, skrá upplýsingar þar og færa þær síðan inn í skráningarformið. Til að prenta formið út er hnappurinn *Skráningarbl.* á bláa borðanum valinn, síðan prenthnappurinn efst á forminu og loks hakað við *Skráningarform* undir *Veldu eyðublað*.

Hægt er að prenta eyðublað til að nota á vettvangi.

Sé búið að grunnskrá húsin sem skrá skal á vettvangi er unnt að prenta út eyðublað fyrir hvert hús til að nota á vettvangi. Það er gert með því að velja *Öll*

skráningarblöð undir *Veldu mengi*, en e.t.v. er einfaldara að prenta út *Autt skráningarblað* í þeim fjölda eintaka sem nota þarf.

Vísað er til leiðbeininga við einstaka reiti í kaflanum um *Upphaflega gerð húss*. Munurinn er sá að hér skal gera grein fyrir núverandi frágangi og útliti húss eins og hann blasir við skrásetjara þegar húsið er skoðað á vettvangi. Sé frágangur ekki eins á öllu húsinu skal tilgreina efni eða frágang meginhluta hússins í fellilista, en geta um annað efni eða frágang í reitnum *Athugasemdir*.

Annað á lóð:

Hér skal gera grein fyrir þeim byggingum sem eru á lóð hússins þegar skráning fer fram. Á bónðabæ skal tilgreina þau mannvirki sem næst standa. **Þau mannvirki sem hér eru nefnd skal skrá sérstaklega á viðeigandi hátt.**

Sérstök færsla skal vera fyrir hvert mannvirki á lóðinni.

Ef um friðlýstar eða friðaðar fornleifar er að ræða skal skrá þær í fornleifaskrá og geta um skráningarnúmer þeirra í Athugasemdir í Grunnskráningu.

Fornleifar skal skrá í fornleifaskrá. Númer þeirra þar er skráð í Athugasemdir í Grunnskráningu.

Einn skráningardeitur er hér til viðbótar skráningu um *Upphaflega gerð húss*, þ.e.

Umhverfi húss:

Hér skal gera grein fyrir því sem setur svip á umhverfi hússins. Velja má eins mörg atriði og þurfa þykir og bæta við atriðum í „Annað“. Sé bætt við fleiri en einu atriði skulu orðin höfð með hástaf og semíkomma (:) og bil milli orða.

3.2.5 Saga húss

Stutt saga húss:

Hér er gert ráð fyrir að saga húss sé tíunduð í stórum dráttum með sérstakri áherslu á menningarsögu hússins. Ekki skulu endurteknar upplýsingar um breytingar sem gerðar hafa á húsinu og skráðar eru sérstaklega, en leggja frekar áherslu á það sem styður og skýrir varðveislumat hússins. Ekki skal telja upp alla eigendur eða íbúa hússins, en leggja áherslu á þá sem markað hafa spor í menningarsögu hússins og þess umhverfis sem það tilheyrir.

Ekki er hægt að skrá meira í þennan reit en sem nemur staðar reitsins.

Viðbót við sögu húss:

Hér er unnt að skrá viðbót við þá sögu sem birtast mun í skýrslunni. Ekki er takmörkun á því hve langur þessi texti má vera.

Í báða þessa reiti er unnt að afrita texta úr öðrum skjölum.

Minnt er á að tíunda þær heimildir sem notaðar eru við skráningu sögunnar undir flípanum *Heimildaskrá*.

3.2.6 Varðveislumat

Til þess að unnt sé að skrá varðveislumat þarf að byrja á því að stofna nýtt mat. Það er gert með því að styðja á plúsinn (+), svæðið með rauða rammanum.

Kerfið býður upp á þann möguleika að geyma fleiri en eitt varðveislumat fyrir hverja húseign. Þegar skrásetjari er staddur í flípanum *Varðveislumat* má finna þennan lista hægra megin við rökstuðningarreiti varðveislumatsins.

Í upphafi er þessi listi auður en í hvert sinn sem nýtt varðveislumat er stofnað bætist dagsetning viðkomandi mats í þennan lista.

Þegar smellt er á hnappinn með spurningamerkinu birtist stutt lýsing á þeim aðgerðum sem þessi listi býður upp á.

Þegar smellt er á tiltekna dagsetningu í listanum breytist innihald flipans *Varðveislumat* og sýnir upplýsingar þess mats sem valið er hverju sinni.

Vakin er athygli á því að í Skýrsluforminu **prentast alltaf upplýsingar úr nýjasta matinu** sem skráð hefur verið. Í dæminu hér að ofan birtast þá upplýsingar úr matinu sem var framkvæmt 21.11.2019.

Plúsinn valinn svo unnt sé að skrá í gluggann.

Varðveislugildi byggir á fimm þáttum sem skoðaðir eru og gildi þeirra metið hátt, miðlungs eða lágt. Alla jafna má ganga út frá að hús hafi miðlungs varðveislugildi. Til að varðveislugildi sé metið hátt þarf húsið að hafa gildi umfram önnur hús, hafa til að bera eiginleika sem gera það sérstakt að einhverju leyti. Sé varðveislugildi metið lágt þarf að setja fram skýringu á því hvað það er sem rýrir varðveislugildi þess.

Listrænt gildi /

Byggingarlist:

Matið byggir á útliti eins og það er nú. Hér skal litið til hlutfalla, samsvörunar í útliti og samspils forms, efnismeðferðar og notagildis. Metið er hvort um er að ræða gott dæmi um tiltekna húsagerð, byggingarstíl eða höfundarverk hönnuðar, ef hann er þekktur. Ennfremur hvort húsið er dæmigert eða hafi fágætisgildi.

Rökstuðningur:

Hér þarf að rökstyðja í fáum orðum hvað býr að baki matinu.

Menningarsögulegt gildi:

Mat á menningarsögulegu gildi byggist á því að greina þýðingu hússins vegna:

- Staðbundinnar byggingarhefðar, gerðar, handverks eða ákveðinnar stefnu í byggingarlist.
- Tæknilegra nýjunga eða efnisvals á þeim tíma er það var byggt.
- Hlutverks og notkunar hússins. Hér má nefna tengingar við þekkta einstaklinga, starfsemi eða sögulega viðburði sem þar hafa átt sér stað. Aldur húss og staða í þróun byggðar er þáttur í mati á menningarsöguleg gildi.

Rökstuðningur:

Hér þarf að rökstyðja í fáum orðum hvað býr að baki matinu.

Umhverfisgildi:

Lagt er mat á mikilvægi hússins fyrir nærliggjandi umhverfi, samspil við næstu hús og sem hluti af staðar- eða götumynd. Einnig hvernig staðsetning húss í landslagi eða á lóð falli að umhverfinu.

Rökstuðningur:

Hér þarf að rökstyðja í fáum orðum hvað býr að baki matinu.

Upprunalegt gildi:

Litið er til hvernig upprunaleg gerð húss hefur varðveist og til viðgerða, viðbygginga og breytinga. Metið er hvernig breytingar falla að upphaflegri gerð hússins og hvort þær styrki eða veiki gildi hússins.

Rökstuðningur: Hér þarf að rökstyðja í fáum orðum hvað býr að baki matinu.

Ástand: Mat er lagt á ástand ytra byrðis hússins. Skoðað er hvernig því er við haldið og hvert er ástand mest áberandi byggingarhluta svo sem klæðingar, glugga, þaks, undirstöðu.

Rökstuðningur: Hér þarf að rökstyðja í fáum orðum hvað býr að baki matinu.

Varðveislugildi húss: Varðveislugildi hússins er metið út frá ofangreindum þáttum þar sem sjónarmið byggingarlistar, menningarsögu og umhverfis vega þyngst.

HÚS MEÐ HÁTT VARÐVEISLUGILDI
Friðlýst hús og önnur hús með ótvíraett varðveislugildi.

HÚS MEÐ MIÐLUNGS VARÐVEISLUGILDI
Friðuð hús með miðlungs eða lítið varðveislugildi, önnur hús með miðlungs gildi.

HÚS MEÐ LÁGT VARÐVEISLUGILDI
Hús sem ekki falla undir lög um menningarminjar og hafa lítið eða ekkert varðveislugildi.

Rökstuðningur: Hér þarf að rökstyðja í fáum orðum hvað býr að baki mats með hliðsjón af mati á þeim fimm þáttum sem varðveislumatið byggir á.

Verndarflokkar og litir á flokki:

Hér er merkt við hvaða vernd hús eða mannvirki nýtur skv. lögum um menningarminjar nr. 80/2012 og skal sú skráning vera samhljóða skráningu í reitnum Verndarstaða skv. *lögum um menningarminjar í Grunnskráningu*. Þá skal skrá núverandi verndarstöðu hússins í deiliskipulagi eða skv. lögum um verndarsvæði í byggð og skal sú skráning vera samhljóða skráningu í reitnum Verndun í Grunnskráningu. Loks skal merkja við hvort lagt sé til að húsið verði verndað í deiliskipulagi eða skv. lögum um verndarsvæði í byggð.
Flokkarnir eru þessir:

Friðlýst hús – blár litur á korti
Bæði er átt við hús og mannvirki sem friðlýst eru skv. ákvörðun ráðherra skv. 18. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 og hús sem friðuð voru á grundvelli eldri laga.

Hér er um að ræða hús sem hafa verndarstöðuna *Friðlýst í grunnskráningu hússins*.

Friðuð hús – fjólblár litur á korti

Hús sem eru 100 ára og eldri eru friðuð samkvæmt aldursákvæði 29. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

Hér er um að ræða hús sem hafa verndarstöðuna *Friðað í grunnskráningu hússins*.

Umsagnarskyld hús – appelsínugulur litur á korti

Hús sem hvorki eru friðlýst né friðuð, en byggð árið 1925 eða fyrr, og kirkjur sem reistar voru árið 1940 eða fyrr. Skv. 30. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 er skylt að leita álits Minjastofnunar ef á að breyta þessum húsum, flytja þau eða rífa.

Hér er um að ræða hús sem hafa verndarstöðuna *Umsagnarskylt í grunnskráningu hússins*.

Verndarsvæði í byggð - grænn litur á korti

Svæði sem lagt er til að verði gert að verndarsvæði í byggð eða er það nú þegar, skv. lögum um verndarsvæði í byggð nr. 87/2015.

Tilheyri húsið nú þegar verndarsvæði í byggð skal húsið skráð með verndunina *Verndarsvæði í byggð í grunnskráningu hússins*.

Einstök hús, götumynd – rauður litur á korti

Einstök hús, húsaraðir og götumyndir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd¹ í deiliskipulagi vegna byggingarlistarlegs og/eða menningarsögulegs gildis, umhverfisgildis og/eða umhverfislegrar sérstöðu eða nýtur hverfisverndar skv. núgildandi deiliskipulagi.

Tilheyri húsið götumynd sem nýtur hverfisverndar skal húsið skráð með verndunina *Hverfisvernd í grunnskráningu hússins*.

Varðveisluverð heild - gulur litur á korti

Samstæður húsa, svæði og heildir sem lagt er til að vernda með hverfisvernd í deiliskipulagi vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra eða nýtur slíkrar verndar nú.

Tilheyri húsið verðveisluverðri heild sem nýtur hverfisverndar skal húsið skráð með verndunina *Hverfisvernd í grunnskráningu hússins*.

3.2.7 Heimildaskrá

Hér skal skrá þær heimildir sem notaðar hafa verið til að skrá viðkomandi hús eða mannvirki. M.a. skal skrá allar teikningar sem stuðst hefur verið við, óutgefin skjöl frá byggingafulltrúa, heimildamenn o.s.frv. Nota skal viðurkenndan staðal við skráningu heimilda, t.d. APA-staðalinn² eða annan sambærilegan. Hentugt getur verið að afrita þessa skráningu heimilda í heildarheimildaskrá húsakönnunarinnar og gera þar þær breytingar og aðlögun sem við á.

3.3 Skýrslugerð

Í aðgerðarstiku skráningarformsins er hnappur sem á stendur *Skýrsluform*. Hér er að finna skráninguna í formi sem ætlað er til útprentunar. Einungis hafa verið valin til útprentunar ákveðin atriði og getur skrásetjari ekki breytt því vali. Hér

¹ **Hverfisvernd** byggir á 2. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 en þar segir:

„*Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja*“.

² Sjá t.d.: <https://www.ru.is/media/skjol--bokasfn/APA-leidbeiningar-HR.pdf>

eru textareitir af takmarkaðri stærð og skal hafa það í huga við skráninguna. **Sérstaklega á þetta við í reitunum með sögu húss, breytingum á húsi og rökstuðningi við varðveislumat.**


Þegar verið er að skrá í skráningarformið getur verið til hægðarauka að opna bæði skráningar og skýrsluformið á skjánum samtímis. Þannig er auðveldara að sjá hvort innsleginn texti er innan þess ramma sem skýrsluformið setur.

Hafa skal í huga við skráninguna að í skýrsluforminu komi fram þau atriði sem styðja við varðveislumat hússins.

Skýrsluformið er prentað með því að velja hnappinn með prentaranum í glugganum með grunnskráningunni í skráningarforminu. Undir *Veldu mengi* er unnt að velja að prenta ákveðna síðu, og er þá **vísad til færslunnar sem skráningarformið sýnir**, valdar færslur eða allar færslur sem skráðar hafa verið. Það sama á við þegar búið er til PDF-skjal í stað þess að prenta. Sjá nánar í Viðauka 6.3.

Þegar skýrslusíða er prentuð með prenthnappnum í skýrsluforminu **prentast eingöngu sú síða sem er á skjánum hverju sinni**. Til að prenta fleiri en eina síðu þarf að nota prenthnappinn í skráningarmyndinni, eins og fram kemur hér að ofan.

Í glugganum sem birtist þegar prentarinn er valinn er einnig hægt að velja hvort haft er blaðsíðutal á því sem prentað er út. Sé ekki óskað eftir blaðsíðutali er reiturinn *Númer fyrstu síðu* hafður auður, en annars sett sú tala sem blaðsíðutalið á að hefjast á. Þetta getur komið sér vel þegar skýrslunum er splæst aftan við inngangaskafla húsakönnunarinnar. Sjá einnig Viðauka 6.3.



4. Húsakönnun

„Allir Íslendingar kunna að lesa bækur. En hversu margir kunna að lesa hús? Það er meiri íþrótt að kunna að lesa hús, en að geta lesið bækur. Húsið er hugsun, sem hefur hæð, lengd og breidd. Bókin er vontun á hugsun, sem aðeins hefur lengd. Húsið er sannleikurinn um líf kynslóðanna. Bókin er lygin um líf þeirra.“

Pórbergur Þórðarson. *Ofvitinn.*

Húsakönnun er byggingarlistaleg og menningarsöguleg könnun sem felst í skráningu húsa og mannvirkja og er studd sagnfræðilegum heimildum, vettvangskönnun og mati á varðveislugildi einstaka húsa, húsasamstæða og byggðaheilda. Húsakönnun felur í sér skoðun á byggingarlist, menningarsögu og umhverfi húsa og mannvirkja innan tiltekins svæðis og byggir á greiningu á einkennandi þáttum í svípmóti byggðarinnar. Húsakönnun hefst á því á því að gefið er yfirlit yfir sögu og þróun byggðar á svæðinu sem könnunin tekur til. Húsakönnun getur tekið til heils sveitarfélags eða afmarkaðra svæða innan þess. Fram til þessa hafa flestar húsakannanir verið gerðar í þéttbýli, en á síðustu árum hafa einnig hafa verið gerðar húsakannanir í dreifbýli. Með húsakönnunum sem gerðar hafa verið til þessa er orðin til nokkuð skýr mynd af byggð í bæjum en nokkuð vantar á að sama sé hægt að segja um húsakost í sveitum landsins. Það er því mikilvægt að áfram verði unnið að gerð húsakannana þannig að enn fyllri mynd fáist af íslenskum byggingarárfi.

Húsakannanir hafa verið unnar hér á landi allt frá því um 1970. Þær fyrstu voru gerðar að frumkvæði borgaryfirvalda í Reykjavík og þar má nefna húsakönnun í gamla bæjarhlutanum í Reykjavík (1970 óutgefin) og húsakönnun í Grjótaþorpi (1976). Af húsakönnunum á landsbyggðinni sem gerðar voru með styrk húsafríðunarnefndar má nefna húsakönnun í Stykkishólmi (1978) og Eskifirði (1980).

Samkvæmt lögum um menningarminjar, nr. 80/2012, skal skráning húsa og mannvirkja ætíð fara fram á vettvangi þegar unnið er að gerð deiliskipulags. Í skipulagslögum er að finna ákvæði um gerð húsakannana þegar unnið er deiliskipulag í þegar byggðum hverfum. Sveitarfélögum, sem fara með skipulagsvald og bera ábyrgð á skipulagsgerð, er skyld að láta gera húsakönnun við deiliskipulagsgerð í hverfum með eldri byggð. Í húsakönnun er lagt mat á varðveislugildi svípmóts byggðar og einstakra bygginga. Húsakönnun skal uppfylla skilyrði sem Minjastofnun setur um skráningu húsa og mannvirkja vegna deiliskipulags, sbr. 16. gr. laga um menningarminjar og húsakönnun sbr. 37. gr. skipulagslaga og gildir húsakönnun sem skráningarskýrsla vegna deiliskipulagsgerðar. Minjastofnun hefur gefið út rafrænt skráningarform fyrir skráningu húsa og mannvirkja, sem hlutið hefur nafnið *Huginn*. Leiðbeiningarnar sem hér fylgja á eftir miðast við að *Huginn* sé notaður.

Þegar skráning húsa og mannvirkja fer fram vegna deiliskipulags og unnin er húsakönnun er nauðsynlegt að skrá öll hús á deiliskipulagssvæðinu. Húsakönnun er meðal þeirra gagna sem skal liggja til grundvallar að mati á svípmóti byggðar í

tillögu að verndarsvæði í byggð nr. 87/2015, 5. gr. og skal þá skrá öll hús og mannvirki innan þess svæðis sem tillaga að verndarsvæði tekur til.³

Sveitastjórnir eiga á fjögurra ára fresti að meta hvort ástæða er til að leggja fram tillögu að verndarsvæði í byggð sem hefur þann tilgang að vernda sögulega byggð. Húsakönnun er mikilvægt gagn við mat á varðveislugildi svipmóts byggðar sem fylgia skal tillögunni.

Útgefnar húsakannanir er að finna á vef Minjastofnun:

<http://www.minjastofnun.is/gagnasafn-/husakannanir/>

Á vef Borgarsögusafns Reykjavíkur er að finna húsakannanir í Reykjavík:

<http://www.borgarsogusafn.is/is/borgarsogusafn-reykjavikur/utgafa/skyrslur>

4.1 Tilgangur

Tilgangur með gerð húsakönnunar er að fá yfirsýn yfir sögu og þróun byggðar í bæjum og í sveitum og leggja mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja og eftir því sem við á götumynda og þyrpinga húsa. Með því móti er leitast við að tryggja að þekking á byggingarlistarlegu, menningarsögulegu og umhverfislegu gildi byggðarinnar liggi til grundvallar ákvörðunum um þróun byggðar sem tekna eru í deiliskipulagi. Húsakönnun gefur góða yfirsýn yfir byggð á tilteknu svæði eða stað og er til þess fallin að auka skilning stjórnumvalda og almennings á gildi byggingararfs og þeim möguleikum sem skapast með verndun eldri byggðar, húsa og mannvirkja og endurnýjun svæða sem nýtast til afþreyingar og atvinnusköpunar.

4.2 Verklag við gerð húsakönnunar

Húsa- og mannvirkjaskráning skal unnin af fagaðilum er búa yfir sérþekkingu á sviði byggingarlistar og byggingarsögu, heimildaöflun og reynslu á sviði skráningar og skal skráningin vera í samræmi við leiðbeiningar Minjastofnunar Íslands.

Æskilegt er að húsakönnun sé unnin af þverfaglegu teymi sérfræðinga, sem annars vegar búa yfir sérfræðiþekkingu og reynslu af sagnfræðilegum vinnubrögðum, byggða- og héraðssögu og forsendum til að meta menningarsögulegt gildi einstakra bygginga og heilda. Hins vegar sérfræðinga með þekkingu á byggingarlist og byggingarlistarsögu, reynslu af lestri teikninga og forsendum til að meta byggingarlistarlegt, umhverfislegt og tæknilegt gildi einstakra bygginga og heilda. Þannig geta þeir að hluta til skipt með sér verkum, annars vegar skráningu sögu eftir skriflegum heimildum og hins vegar öflun og lestri teikninga- og skipulagsgagna. Á þann hátt verður unnt að skrifa um byggðarþróun út frá

³ Sjá einnig: Leiðbeiningarit Minjastofnunar Íslands: Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð. http://www.minjastofnun.is/media/leidbeiningarit/Verndarsvaedi_greinargerd_leidbeiningar_u_tgafal_03032017.pdf

sagnfræðilegum, listrænum og skipulagslegum þáttum. Að lokum skal varðveislu-matið unnið í samvinnu teymisins með umræðum um gildi og vægi hvers hinna fimm þátta og þannig fæst heildarniðurstaða matsins, varðveislugildið.

Húsakönnun er verkfæri minjavörlunnar, hugsuð sem málsvari byggingarárfsins og gagn til þess að tryggja að ákvarðanir um framtíð og varðveislu húsa og heilda séu teknar á upplýstum grunni. Aðrir hagsmunir sem kunna að hafa áhrif á skipulagsákvæðanir eiga ekki heima í húsakönnun. Til þess að forðast hagsmunu-árekstra við mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja á tilteknu skipulagssvæði er því æskilegt að höfundar húsakönnunar séu ekki þeir sömu og síðar koma að skipulagi sama svæðis.

Þar sem húsakönnun og varðveislumat eiga að liggja til grundvallar deili-skipulagsvinnu ásamt öðrum upplýsingum og gögnum sem taka þarf tillit til við gerð skipulags, skal húsakönnun jafnframt fara fram áður en deiliskipulagsvinna hefst.

4.2.1 Heimildakönnun og gagnasöfnun

Í upphafskafla húsakönnunar skal gera grein fyrir upphafi byggðar og þróun. Upplýsingar um sögu byggðarinnar má fá úr ýmsum heimildum, bæði útgefnu efni og skjallegum heimildum. Í gagnasöfnum sveitarfélaga og í hérað-skjalasöfnum er að finna margvísleg gögn frá sveitastjórnum, svo sem byggingar-og skipulagsnefndum. Í virðingargerðum eins og brunavirðingum eða samningum sem gerðir hafa verið við eigendaskipti (kaup/sala, erfðir) eru oft mikilvægar upplýsingar. Þá má einnig nefna ljósmyndir og annað myndefni, kort, skipulagsupprætti, túnakort og teikningar húsa. Prentaðar heimildir eins og héraðssögurit, ævisögur og frásagnaþættir, ásamt dagblöðum og tímaritum eru einnig mikilvægar heimildir. Loks skal bent á að leita eftir munnlegum heimildum hjá íbúum á svæðinu og öðrum staðkunnugum, sem kunna að búa yfir upplýsingum sem ekki er auðvelt að afla á annan hátt.

Við skoðun á byggðinni má hafa eftirfarandi þætti í huga, því með því má fá mynd af eðli byggðarinnar (Húsafriðunarnefnd 2009).

Staðfræði

- Áberandi *landslagseinkenni* eru mikilvæg til að skilja og útskýra bæjarumhverfi. Landslag getur verið mótað af náttúrulegum þáttum eða átt sér menningarsögulegar útskýringar. Víða getur að líta samspil þessara tveggja þáttu og nægir í því sambandi að benda á uppfyllingar við marga fjarðabæi. Elsta byggðin er í hlíðinni með fram ströndinni en iðnaður og atvinnusvæði önnur á uppfyllingu. Lækjarfarvegir, sem geta verið áberandi í hlíðarbyggðinni, eru settir í ræsi í uppfyllingunni og hafa lítil áhrif á byggðina þar.
- *Hvernig verður landslag sýnilegt* eða á hvaða hátt er það nýtt í bæjarumhverfinu? Eldri byggð getur verið undir fornum sjávarbakka en yngri byggð ofan hans.
- *Landslag* er gert sýnilegt með hjálp hæðarlína og með þverskurðum. Skurðmynd í gegnum byggðina, t.d. frá sjó og upp fyrir byggð, getur sýnt vel landslagseinkenni og mismunandi stærðir og form húsa.

- *Skil milli bæjarumhverfis og náttúrulegs umhverfis* geta verið skýr vegna andstæðna sem felast í grónu bæjarumhverfi og berangurslegri náttúru. Varnargarðar t.d. vegna sjávarflóða, skriðu- eða snjóflóðahættu geta markað skil á milli byggðar og náttúru.
- *Skil milli byggðar og vatns* (sjávarströnd, stöðuvatn, tjörn, mýri).
- *Skil vegna samgöngumannvirkja og veitna* (vegur, brú, flugvöllur, höfn, háspennulínur).
- *Ásýnd byggðar* í landslagi getur t.d. verið sú að götur og hæð húsa fylgi hæðarlínum. Stórar eða háar byggingar geta hins vegar rofið þetta samhengi til góðs eða ills. Trjágróður getur einnig verið áberandi í ásýnd byggðar.
- *Graen svæði* (skógur, skrúðgarður, útvistarsvæði).
- *Veðurfar og hættur*. Eftir aðstæðum og tilefni er gerð grein fyrir ríkjandi vindáttum, veðurfari, snjóalögum og hættum sem geta stafað af vatnsflóðum, snjóflóðum og skriðuföllum.

Sagnfræði

- *Gömul kort eða teikningar* geta sýnt fyrirkomulag byggðar í landslagi.
- *Stærð og gerð lóða* má rekja með samanburði á elstu kortum og nýjum kortum af byggðinni. Lóðirnar setja byggðinni ýmsar skorður og þeim húsum sem á þeim byggjast.
- *Byggingarsvæði* ákveðinna tímabila er vitnisburður um sögulega þróun bæjar. Landnotkun, nýting og húsagerðir voru mismunandi á hinum ýmsu tímabilum. Verslun, iðnaður og þjónusta voru t.d. á íbúðasvæðum um og eftir aldamótin 1900. Gróf aldursgreining byggðar/húsa er sett fram á korti.
- *Sérhaefð landnotkun* sem einkennir ákveðin svæði – miðbæjarsvæði, íbúðasvæði og iðnaðarsvæði.
- *Gatnakerfi* elsta hluta bæjarins getur átt sínar rætur í atvinnu- og verslunarháttum t.d. götur beint upp af bryggjum sem sjálfar geta verið löngu horfnar.
- *Byggingarsaga sveitarfélags* getur einkennst af byggingum ákveðinna tímabila og má draga fram slík dæmi til að sýna söguna í hnottskurn.
- *Göturými*, gata eða torg, sem vegna sögulegra atburða er mikilvægt fyrir sveitarfélagið eða bæjarhluta.

Byggingarlist bæjarumhverfis

- *Tengsl landslags og rýmis*. Fjallað er um tengsl milli atriða sem varða staðfræði og rýma bæjarumhverfis. Þetta á einkum við um mörk eða skil milli bæjar og vatns og lands, landslag og vatnsföll og þá möguleika sem geta falist í því.
- *Samtengjandi þættir* eru meginlinur í landslagi, sjónlinur sem eru hluti af bæjarumhverfi og göturými svipaðrar gerðar innan svæðis eða hverfis. Húsalínur við götu, hæð húsa, götumynd og yfirborð gatna geta einnig myndað samtengjandi þætti.
- *Skil milli svæða* eru t.d. þar sem mætast bær og ytra umhverfi hans, bær og sjór, eða þar sem á eða fljót eða umferðargata skiptir bæ í sundur. Skil geta einnig orðið milli tveggja svæða bæjar vegna mikils munar á hinu byggða umhverfi. Slikan mun má jafnan rekja til mismunandi skipulagssjónarmiða eða húsagerða sem einkenna ákveðin tímabil.
- *Spor eldri byggðar* geta orðið sýnileg vegna þess að eitt eða fáein hús hafa varðveisit eða vegna þess að hús sem áður var utan byggðar er nú umkringt yngri húsum. Slík hús geta verið vitnisburður um eldri byggð og haft bæði menningarsögulegt og listrænt gildi. Yngri byggð í eldra hverfi getur verið til vitnis um bruna.
- *Snertifletir milli eldri og yngri byggðar* geta verið sýnilegir vegna nýrra húsa sem byggð eru inn í eldri götumynd t.d. vegna niðurrifs eða bruna eldra húss. Snertifletir geta einnig falist í því að hús við sömu götu sem eru frá svipuðum tíma hafa mismunandi svipmót vegna þess byggingarstils sem þau tilheyra.
- *Stærðarhlutföll* milli þeirra þátta sem mynda bæjarumhverfi, t.d. hæð, lengd og breidd húsa eða hlutföll milli húsa og rýmis á milli þeirra. Litið er til þess

hvort stærðarhlutföll séu góð eða slæm, skiljanleg eða óskiljanleg.

- *Opnanir, hæðarmunur, skil, öxull, stefnur, húsalínur, húshæðir, götumyndir, byggingarhlutar, yfirborð göturýma o.fl.* eru þættir sem eru hlutar af byggingarlist bæjarumhverfis sem þarf að skoða og meta.
- *Rýmismyndandi þættir* í bæjarumhverfi geta verið byggingar, tré eða stórar einingar sem mynda rými – göturými, torg eða opíð svæði. Þessir þættir geta einnig verið götugögn af öllu tagi t.d. höggmyndir, yfirborð göturýma, lýsing o.fl.
- *Tengsl milli rýma* geta ýmist verið tengsl eins rýmis og aðlægs rýmis eða hvort rými bæjarins séu tengd innbyrðis eða ekki.
- *Sjónlínur og útsýni* í bæjarumhverfi eru t.d. eftir götum eða göturýmum eða eftir götum eða stígum sem liggja þvert á aðrar götur, eða eftir götum eða milli húsa út í náttúruna umhverfis bæinn.
- *Kennileiti* eru hús, turnar, kirkjuturnar, trjágróður, minnisvarðar eða landslagseinkenni sem ber meira á en öðru og eru af þeim sökum meira áberandi í bæjarumhverfi en aðrir hlutar þess. Kennileiti geta auk þess verið öxulmyndandi.

Hér er byggt á áður útgefnum leiðbeiningum Húsafríðunarnefndar, sem falla úr gildi með þessu leiðbeiningariti Minjastofnunar:

Áður útgefnar leiðbeiningar falla úr gildi.

Guðmundur L. Hafsteinsson: *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðinni*. Húsafríðunarnefnd, 1997.

Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðinni. Húsafríðunarnefnd, 1997.

Byggða- og húsakönnun. Skráningareyðublað og leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. Húsafríðunarnefnd í samvinnu við Minjasafn Reykjavíkur og Minjasafnið á Akureyri, 6. október 2009.

4.2.2 Skráning húsa

Skrá skal hús og mannvirki í rafræna skráningarformið *Hugin*, sem Minjastofnun Íslands lætur í té, sjá kafla 3 *Hugginn*.

Skráning húsa og mannvirkja felst í nokkrum áföngum:

- Upplýsingar sem byggja aðallega á skjallegum heimildum, s.s. staðsetning, landfræðilegar upplýsingar, byggingarár, verndarstaða, upphafleg gerð húss og helstu breytingar.
- Núverandi gerð hússins skoðuð á vettvangi og teknar ljósmyndir sem sýna núverandi útlit þess, ástand metið og staða í umhverfinu greind. Þessi verkþáttur er áskilinn við skráningu vegna deiliskipulags samkvæmt lögum um menningarmínjar.
- Mat á varðveislugildi.

4.2.3 Greining byggðar

Þessi verkþáttur felur í sér greiningu á byggðinni að lokinni könnun heimilda og skoðun á vettvangi. Greining tekur til bæjarmyndar, leifa elstu byggðar og gatnakerfis, landslags, göturýma og útsýnis. Lagt er mat á yfirbragð og sérkenni byggðarinnar og byggingarlist einstakra húsa ásamt heildarsvipmóti, sem getur

falist í götumyndum, húsaröðum, og kennileitum í byggðinni, t.d. kirkju og almannaþýmum eins og torgum og görðum.

Greindir eru ríkjandi þættir í byggðinni og eftirfarandi er gott að hafa í huga við slíka greiningu:

- *Ríkjandi þættir* eru áberandi sérkenni og rýmismynstur bæjar, ýmist í bænum sjálfum eða milli hans og umhverfis hans. Þessir þættir geta verið bæjarmynd, ásýnd byggðar og landslags, aðalgtatnakerfi eða þá áberandi byggingar, kennileiti, göturými, torg eða opin svæði.
- *Byggðamynstur* felst í fyrirkomulagi byggðar, sem til verður úr því sem byggt er og rýmisins þar á milli (byggingar og götur), stærð reita (sem gatnakerfið afmarkar) og stefnu (afstöðu til átta). Hver bær, bæjarhluti eða reitur getur haft mismunandi byggðamynstur sem ræðst af götum, stígum, torgum, opnum svæðum, lóðastærð og fyrirkomulagi og gerð húsa.
- *Einstök göturými og hús* sem eru áberandi vegna staðsetningar, gerðar eða útlits. Sem dæmi má nefna hús við enda götu, við torg eða á hæð í bænum, eða hús sem sökum stærðar, forms eða hæðar eru kennileiti. Fjallað er um húsin með hliðsjón af gildi þeirra fyrir svipmót og yfirbragð byggðarinnar.⁴

4.3 Varðveislumat og verndarflokkar

Í húsakönnun er lagt mat á varðveislugildi húsa og mannvirkja sem og götumynda og þyrpinga húsa. Húsakönnun tekur til númerandi aðstæðna en litið er til baka til að útskýra þær. Niðurstöður könnunar eiga að nýtast til að móta stefnu um vernd sérstakra gæða byggðar og einstakra húsa og stýra þróun byggðarinnar.

Varðveislugildi er niðurstaða úr mati á þeim fimm gildum sem metin hafa verið fyrir hvert hús og mannvirki, samstæða húsa, götumynda og byggðamynsturs svæða. Gildin eru: byggingarlistarlegt gildi, menningarsögulegt gildi, umhverfisgildi, upprunalegt gildi og ástand, eins og gerð er grein fyrir í kafla 3.2.6 *Varðveislumat*. Gildin fimm eru metin innbyrðis og tekin afstaða til vægis hvers þeirra. Í sumum tilvikum getur byggingarlistarlegt gildi vegið þyngst eða menningarsögulegt gildi, en einnig getur umhverfisgildi vegið þungt í þeim tilvikum þar sem heildin hefur gildi umfram einstaka byggingar. Á þennan hátt fæst varðveislugildi einstakra húsa og mannvirkja, samstæða húsa, götumynda eða bæjarhluta og þess svipmóts sem einkennir byggðina. Niðurstaða varðveislumats skýrir og rökstyður hvað það er í byggðinni sem gefur henni gildi og sem leitast skal við að vernda, bæði einstaka hús og mannvirki, götumyndir eða heildir.

Varðveislugildi skiptast í þrjá varðveisluflokka:

- Hátt varðveislugildi.
- Miðlungs varðveislugildi.
- Lágt varðveislugildi.


⁴ Hér er byggt á sömu áður útgefnu leiðbeiningum og greint er frá í kafla 4.2.1 Heimildakönnun og gagnasöfnun og falla úr gildi með leiðbeiningariti þessu.

Þegar varðveisslugildi hefur verið metið eftir þessum flokkum er verndarstaða húsa, mannvirkja, samstæða húsa, götumynda eða bæjarhluta og þess svipmóts sem einkennir byggðina, auðkennt á uppdráttum eða loftmyndum. Eftirtaldir uppdrættir skulu vera hluti af húsakönnun:

- 1) Uppdráttur sem sýnir verndarflokka húsa og mannvirkja samkvæmt lögum um menningarminjar, þ.e. friðlýst hús, friðuð vegna aldurs eða byggð 1925 eða fyrr og kirkjur byggðar 1940 eða fyrr og sem eru þar með umsagnarskyld. Á kortinu skal einnig sýna fornleifar, samkvæmt 3. gr. laga um menningarminjar.



- 2) Á sérstökum uppdrætti skal auðkenna verndarflokka sem lagt er til að verði settir í deiliskipulag með hverfisvernd. Auðkenna skal flokkana með litum:
 - o *Einstök hús, götumynd – rauður litur á korti:* Einstök hús og húsaraðir sem lagt er til að vernda vegna byggingarlistarlegs og/eða menningarsögulegs gildis eða sem njóta hverfisverndar ef í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið.⁵
 - o *Varðveisluverð heild - gulur litur á korti:* Samstæður húsa, götumyndir og heildir sem lagt er til að vernda vegna umhverfislegrar sérstöðu þeirra eða sem njóta hverfisverndar ef í gildi er deiliskipulag fyrir svæðið.
 - o *Verndarsvæði í byggð - Grænn litur á korti.*




⁵ **Hverfisvernd** byggir á 2. gr. skipulagslaða nr. 123/2010 en þar segir:
„Hverfisvernd: Ákvæði í svæðis-, aðal- eða deiliskipulagi um verndun sérkenna eldri byggðar, annarra menningarsögulegra minja eða náttúruminja“.

3) Varðveislumat húsa og mannvirkja:

Hátt: svartur litur.

Miðlungs: grár litur

Lágt: hvítur litur



4) Byggingarefni - tillaga:

- Hlaðið: grænn litur
- Steinsteyp: blár litur
- Timbur: gulur litur
- Annað: Appelsínugulur

Það er breytilegt hvaða byggingarefni einkenna hús og mannvirki á skráningarsvæði og hvernig samsetningu byggingarefnis húsa er háttað. Því geta höfundar húsakönnunar valið að flokka byggingarefni öðru vísí en hér er lagt til.

Séu fleiri flokkar tilgreindir má velja fleiri liti, t.d. velja rauðan eða fjólubláan.

5) Byggingartímabil:

- Hús byggð árið 1899 og fyrr: blár litur
- Hús sem eru 100 ára þegar húsakönnun er gerð og byggð árið 1900 og síðar: fjólubláar litur
- Hús sem eru 99 og yngri og byggð 1944 og fyrr: rauður litur
- Hús byggð 1945 og síðar: gulur litur

Bent er á að hagræði getur verið í því að birta kort yfir hús sem verða 100 ára og þar með friðuð á skipulagstímabilinu.

5. Frágangur húsakönnunar og skil á gögnum

5.1 Frágangur húsakönnunar

Efnisskipan húsakönnunar getur verið breytileg eftir umfangi og eðli þess svæðis sem hún nær til, en nauðsynlegt er að eftirtoldum þáttum séu gerð skil:

- Inngangur, þar sem fram kemur mörk svæðisins sem húsakönnunin nær til, af hverju könnunin er unnin og af hverjum. Uppdráttur sem sýnir afmörkun svæðis og staðsetningu innan byggðar skal fylgja.
- Saga og þróun byggðarinnar.
- Greining byggðarinnar.
- Varðveislumat.
- Húsaskráning.
- Heimilda- og myndaskrá.

Minnt er á að í heimildaskrá skal getið allra heimilda sem notaðar eru, hvort sem þær eru útgefnar eða ekki, veflægar, skjöl í skjalasöfnum, teikningar, kort, ljósmyndir, tölvupóstar eða munnlegar heimildir. Nota skal viðurkenndan staðal við skráningu heimilda, t.d. APA-staðalinn⁶ eða annan sambærilegan.

Einnig skal tekið fram að leyfi þarf til að nota ljósmyndir af vefnum og í myndaskrá skal ljósmyndara getið og hver uppruni ljósmyndarinnar er og vörlustaður.

5.2 Skil á gögnum

Húsakönnun og skráningu húsa og mannvirkja telst ekki lokið fyrr en Minjastofnun Íslands hefur staðfest að skráningin og húsakönnunin standist kröfur stofnunarinnar og neðangreindum gögnum hefur verið skilað til Minjastofnunar.

Áður en húsakönnun er prentuð út skal senda **fullunnið** eintak á pdf-formi á netfangið husaskraning@minjastofnun.is og óska eftir að verkið sé yfirfarið. Ef Minjastofnun gerir ekki athugasemdir við skýrsluna skal ganga frá henni til útgáfu og senda stofnuninni eftirtalin gögn:

- Fullbúna húsakönnun í tveimur prentuðum eintökum.
- Skýrsluformið úr Hugin í pdf-formi, sem senda skal á netfangið husaskraning@minjastofnun.is.
- Skilaskrá úr *Hugin*. Sjá leiðbeiningar í Kafla 5.3.
- Hnitaskrá úr gagnatöflu staðsetningartækis skal senda á netfangið husaskraning@minjastofnun.is.
- Önnur gögn sem skrásetjari telur gagnlegt að Minjastofnun Íslands fái, t.d. kort og fleiri ljósmyndir af húsi, mannvirki eða annað sem tengist

⁶ Sjá t.d.: <https://www.ru.is/media/skjol--bokasafn/APA-leidbeiningar-HR.pdf>

skýrslunni skal merkja á greinargóðan hátt og senda á netfangið husaskraning@minjastofnun.is eða láta fylgja með skilaskrá *Hugins* í Dropboxi.

Þegar þessi gögn hafa borist getur Minjastofnun Íslands staðfest að skráningu og gerð húsakönnunar sé lokið, sbr. 15. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012.

5.3 Skilaskrá útbúin

Til að skila gögnum úr skráningaforminu þarf að útbúa skilaskrá og færa í Dropbox möppu Minjastofnunnar.

Til að útbúa skilaskrá er farið í kerfisvalmyndina og valin aðgerðin „Útbúa skilaskrá“. Þá opnast gluggi með upplýsingum um að skilaskráin verði vistuð á skjáborð notandans. Nánari upplýsingar um kerfisvalmyndina má finna í Viðauka 6.6.



Hér getur notandinn valið að útbúa skilaskrá með því að smella á hnappinn „Vista skrá“ eða hætt við aðgerðina með því að smella á hnappinn „Hætta við“.

Eftir að smellt hefur verið á hnappinn *Vista skrá* vistast skjal með heitinu „HusaskraningExport“ á skjáborð notandans. Þetta skjal þarf að setja í möppuna *Gagnaskil* í Dropboxi Minjastofnunar. Búa skal þar til nýja möppu fyrir skjalið. Nafn möppunnar á að vera samsett úr dagsetningu og heiti svæðis sem verið var að skrá. Dæmi: 20200428_Grindavík (þ.e. 28. apríl 2020).

6. Viðaukar

6.1 Innsetning Hugins


Til að geta tekið við *Hugin* þarf forritið „Dropbox“ að vera uppsett á vélinni sem ætlunin er að vista grunninn á.

Þegar þú hefur óskað eftir aðgangi að *Hugin* verður þér sendur tölvupóstur með slóð á Dropbox-aðgang Minjastofnunar. Í póstinum er hnappur „Go to folder“.

Guðlaug Vilbogadóttir (gudlaug@minjastofnun.is) invited you to edit
the folder "Husaskraning Runtime" on Dropbox.

[Go to folder](#)

Þegar þú smellir á þennan hnapp birtist innskráningarmynd Dropbox kerfisins, þ.e. **ef Dropbox er ekki sett upp á vélinni**, annars ferðu beint í möppuna sem geymir skráningarformið og leiðbeiningarskjölín sem því fylgja.



Þegar innskráningu er lokið birtist listi með möppum og skjölum. Meðal þeirra er mappa sem heitir „Húsaskráning Runtime“. Þegar sú mappa er opnuð birtast eftirtaldar skrár:

„Huginnxxx_osx.zip“
„Huginnxxx_win32.zip“
„Huginnxxx_win64.zip“

„Innsetning Hugins á tölvur notenda.pdf“
„Skráning húsa og mannvirkja – leiðbeiningar_des 2019.pdf“

Í stað „xxx“ í textanum hér að ofan er útgáfunúmer kerfisins sem notandi er að sækja.

Zip-skrárnar í þessari möppu innihalda sjálfkeyrandi (runtime) útgáfu af *Hugin*. Pdf-skrárnar í þessari möppu innihalda leiðbeiningar um innsetningu og notkun skráningaformsins.

Husaskraning OSX er útgáfa ætluð Macintosh vélum, þ.e. vélum sem keyra OS X stýrikerfi útgáfu 10.13 eða nýrra.


Husaskraning Win32.zip er útgáfa ætluð eldri Windows vélum. Það er vélum sem keyra 32 bita útgáfu Windows.

Husaskraning Win64.zip er útgáfa ætluð nýrri Windows vélum. Það er vélum sem keyra 64 bita útgáfu Windows.

Windows

Windows-útgáfurnar keyra á Windows 7 SP1 professional og ultimate útgáfum eða nýrri.

Til að ganga úr skugga um hvaða útgáfa af stýrikerfinu er á windows vél er farið í „System“ undir „Control Panel“.



Þegar nota skal Filemaker runtime á Windows vél þarf .Net 4.6 eða nýrra að vera uppsett á vélinni. Nánari upplýsingar um hvaða skilyrði vélar þurfa að uppfylla til að geta keyrt *Hugin* má finna á þessari slóð:

https://support.filemaker.com/s/article/System-Requirements-for-FileMaker-Pro-18-Advanced?language=en_US

Upp geta komið vandamál þar sem *Huginn* fer ekki í gang á eldri stýrikerfum en það er þá almennt spurning um uppsetningu og gerð stýrikerfis frekar en galla í skráningarkerfinu.

Þetta á t.d. við um sumar útgáfur windows 7 en þar hefur komið fyrir að menn fái upp villu þar sem forritið kvartar yfir því að á vélina vanti skrána VCRuntime140.dll

Á neðangreindum slóðum má leita nánari upplýsinga um hvernig bregðast megi við í þeim tilfellum þar sem útgáfa stýrikerfisins er að öðru leyti rétt.

VCRuntime140.dll ætti að vera hér, setja bæði inn 32 og 64 bita pakkana:

<https://www.microsoft.com/en-us/download/details.aspx?id=52685>

.Net framwork 4.8

<https://go.microsoft.com/fwlink/?LinkId=2088631>

Og að lokum þessi slóð sem birtir upplýsingasíðu fyrir .Net

<https://support.microsoft.com/en-us/help/4503548/microsoft-net-framework-4-8-offline-installer-for-windows>

Menn ættu þó að hafa í huga að uppfæra viðkomandi vélar í windows útgáfu 10 bjóði þær upp á slíkt.

Macintosh -OS X

Til að sjá hvaða útgáfa er á Macintosh vélum er smellt á Eplið efst í vinstra horni skjásins. Þá birtist felligluggi, en í honum þarf að smella á valkostinn „About this Mac.“

Þá birtist þessi gluggi þar sem sjá má útgáfunúmer stýrikerfisins.



Husaskraning OSX er útgáfa ætluð Macintosh vélum, þ.e. vélum sem keyra OS X stýrikerfi útgáfu 10.13 eða nýrra. Nánari upplýsingar um þessi atriði má finna í Viðauka 6.8.

Skjöl skráningaformsins eru þjöppuð og þarf því að afþjappa þeim áður en hægt er að byrja að skrá í grunninn.

Til að setja *Hugin* upp hjá notendum þarf að sækja viðeigandi “.zip-skrá” í “Dropbox-möppu” Minjastofnunar.

Að loknu niðurhali er tvísmellt á .zip skrána. Þá opnast gluggi með möppu sem notandinn þarf að draga út á skjáborð tölvunnar. Sé þessi mappa ekki dregin út á skjáborðið vinnur skráningarformið ekki eðlilega.

Þessi mappa inniheldur sjálfkeyrandi útgáfu skráningarformsins og er skráningarformið ræst með því að tvísmella á skrána Huginnxxx.exe þegar viðkomandi tölva er að keyra útgáfu af Windows stýrikerfinu.

Sé um að ræða vél sem keyrir útgáfu af osx stýrikerfinu þarf að tvísmella á skrá með nafninu Huginnxxx.app og opnast þá skráningarformið á viðkomandi vél.

6.2 Flutningur gagna úr eldra skráningarformi í nýtt

Þegar leiðréttu þarf villur eða bæta þarf virkni skráningarformsins þarf að útbúa nýja útgáfu af því. Þá er nauðsynlegt að flytja gögn úr eldra skráningarforminu yfir í nýja skráningarformið.

Einnig má nota þessa aðgerð til að sameina gögn úr mörgum skráningarformum yfir í eitt skráningarform áður en gögnum er skilað til Minjastofnunar að skráningu lokinni.

Til að flytja gögn úr eldri útgáfu kerfisins yfir í nýrri útgáfu þarf að fara í kerfisvalmyndina og smella þar á hnappinn „Lesa gögn úr eldri útgáfu“. Þegar það er gert birtist gluggi sem bíður notandanum að velja eldri gagnaskrá. Eldri gagnaskráin hefur sama nafn og „.exe“ skrá eldri útgáfunnar en er með endinguna „.fmpur“. Hjá flestum notendum sem fengu fyrstu útgáfu skráningarformsins hjá Minjastofnun heitir gagnaskráin „Husaskraning_2016_V5.6.fmpur“.

Þegar eldri útgáfa gagnaskrárinnar hefur verið valin fer í gang aðgerð sem les gögnin yfir í nýrri útgáfuna.

6.3 Prentun skýrsluforms og vistun á PDF formi


Aðgerðir kerfisins sem snúa að prentun og vistun PDF skjala hafa verið bættar.

ATH! – Sé ætlunin að prenta/vista fleiri en eina færslu þarf að byrja á því að finna þær færslur sem ætlunin er að prenta eða vista á PDF formi og raða þeim í þá röð sem notandinn óskar. Grunnrökun kerfisins byggir á götuheiti og húsnúmeri viðkomandi sveitarfélags.

Í skýrsluforminu er eingöngu hægt að prenta eða vista þá síðu sem birtist á skjánum hverju sinni.

Í skráningarblaðinu er hægt að velja hvort prentuð er út eða vistuð færslan sem verið er að skoða eða autt skráningarblað.

Í skráningarforminu er boðið upp á fleiri möguleika eins og sést á meðfylgjandi mynd sem birtist þegar notandinn smellir á prenthnapp skráningarformsins




Veldu eyðublað: Hér getur notandi valið hvort úttak aðgerðarinnar eigi að vera *Skýrsla* eða *Skráningarblað*.

Veldu mengi: Hér velur notandinn hvort hann vill finna allar fundnar færslur eða bara þá færslu sem ætlunin er að prenta eða vista.

Númer fyrstu síðu: Hér slær notandinn inn síðatal færslunnar sem ætlunin er að prenta eða fyrstu síðunnar ef prentaðar eða vistaðar eru fleiri en ein síða.


Úttak: Prentari: Vistun PDF-skjala er framkvæmd í gegnum prentglugga viðkomandi stýrikerfis.



Í Windows stýrikerfinu velur notandinn „Microsoft Print to PDF“ í reitnum með rauða rammanum, en í Apple OS X stýrikerfinu velur notandinn „Save as PDF“ úr reitnum með rauða rammanum.

Hafi notandinn valið kostinn *Skráningarblað* breytist mengið sem er hægt að prenta þannig að notandinn getur valið um þrjá kosti í stað tveggja áður:

- Autt skráningarblað
- Skráningarblað með færslunni sem verið er að skoða
- Skráningarblöð með öllum færslum sem verið er að skoða



- Þessi hnappur ræsir prentun.
- Þessi hnappur hættir við aðgerðina.
- Þessi hnappur birtir nánari leiðbeiningar sem eiga við mismunandi keyrsluumhverfi, Filemaker / Runtime / OS X / Windows.

6.4 Skráning mynda

Í eldri útgáfum skráningarkerfisins kom upp vandamál þar sem gagnaskrárnar urðu mjög stórar vegna stærðar þeirra mynda sem lesnar voru inn í kerfið. Í þessari útgáfu er búið að bæta við aðgerð sem minnkar allar myndir, sem lesnar eru inn, í stærðina 1000 x 1000 punkta um leið og innlestur á sér stað.

Að auki er búið að bæta hnappi í kerfisvalmyndina. Þessi hnappur ræsir aðgerð sem keyrir í gegnum allar myndir sem lesnar hafa verið inn og minnkar þær í ofangreinda stærð sé þörf á slíku.

Um leið og mynd er lesin inn í kerfið birtist hnappur undir viðkomandi myndareit. Smelli notandinn á þennan hnapp birtast tæknilegar upplýsingar um viðkomandi mynd. Þar á meðal tegund myndarinnar og stærð.



Einnig hefur verið bætt við kerfið aðgerð sem kemur í veg fyrir að lesnar séu inn myndir sem birtast ekki á eðlilegan hátt á skjánum.

Leyfileg myndasnið eru: jpg, png, bmp og tiff.

6.5 Aðgerðastika skráningarmyndar

Efst í skráningarmynd kerfisins er aðgerðastika sem veitir aðgang að ýmsum aðgerðum sem kerfið býður upp á.



Kerfisvalmynd: Birtir kerfisvalmynd með ýmsum viðhaldsaðgerðum. Sjá Viðauka 6.6.

Ný færsla: Stofnar nýja færslu til að skrá hús og sækir um leið ákveðnar upplýsingar úr þeiri færslu sem er fyrir á skjánum.

Eyða færslu: Biður notandann að staðfesta eyðingu færslunnar sem er á skjánum og eyðir henni velji notandinn að gera svo.

Skýrsluform: Opnar viðbótarglugga og birtir skýrsluformið. Gott er að hafa þetta form opið þegar verið er að skrá í skráningarmynd kerfisins.

Skráningarbl.: Opnar viðbótarglugga og birtir mynd skráningarblaðs fyrir viðkomandin færslu.

Fyrsta færsla: Birtir fyrstu færslu þess færslumengis sem er opið á skjánum.

Fyrri færsla: Birtir næstu færslu á undan þeiri sem er verið að skoða á skjánum séu fleiri en ein færsla opin og notandinn ekki staddur í fyrstu færslunni.

Næsta færsla: Birtir næstu færslu á eftir þeiri sem er verið að skoða á skjánum séu fleiri en ein færsla opin og notandinn ekki staddur í síðustu færslunni.

Síðasta færsla: Birtir síðustu færslu hins fundna mengis sé notandinn ekki þegar staddur í henni.


Leiðbeiningar: Birtir felliglugga þar sem hægt er að velja einstaka leiðbeiningablöð.

6.6 Kerfisvalmynd

Kerfisvalmyndin veitir aðgang að nokkrum aðgerðum sem eru almennt ekki í daglegri notkun.

Farið er í kerfisvalmyndina með því að smella á hnappinn sem sýndur er með rauða rammanum í aðgerðastiku skráningarmyndarinnar





Um húsaskrá: Birtir ýmsar almennar upplýsingar um skráningarkerfið *Hugin*.

Lesa gögn úr eldri útgáfu: Flytur gögn úr eldri útgáfu kerfisins yfir í nýri útgáfu.

Útbúa skilaskrá: Vista skilaskrá á skjáborð notandans. Þetta skjal þarf síðan að setja inn á dropbox vef Minjastofnunar. Sjá Kafla 5.3.

Staðla upplausn mynda: Minnkar allar myndir stærri en 1000 x 1000 punkta í þá stærð.

Póstnúmeraskrá: Veitir aðgang að póstnúmeraskránni þurfi að gera breytingar á henni.

Loka skráningarkerfinu: Slekkur á skráningarkerfinu *Huginn*.

6.7 Ítarupplýsingar fyrir Filemaker þróunarárhverfið

Nánari upplýsingar um þau stýrikerfi sem eru studd af þessari útgáfu *Hugins* má finna hér:

https://support.filemaker.com/s/article/System-Requirements-for-FileMaker-Pro-18-Advanced?language=en_US

Að auki má finna hjálparsíðu Filemaker forritsins hér:

<https://fmhelp.filemaker.com/help/18/fmp/en/>

7. Heimildaskrá

Björn Axelsson, ritstjóri, o.fl. (2014). *Aðalskipulag Reykjavíkur 2010-2030.*

Reykjavík: Cymogeia, Reykjavíkurborg.

Byggða- og húsakönnun. Skráningareyðublað og leiðbeiningar um gerð byggða- og húsakannana. (2009, 6. október). Húsafríðunarnefnd í samvinnu við Minjasafn Reykjavíkur og Minjasafnið á Akureyri,

Guðmundur L. Hafsteinsson. (1996). *Leiðbeiningar um gerð bæja- og húsakannana með hliðsjón af dönsku SAVE-aðferðinni.* Ritröð Húsafríðunarnefndar ríkisins nr. 2. Reykjavík: Húsafríðunarnefnd, Skipulag ríkisins, Þjóðminjasafn Íslands.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir (2017). *Verndarsvæði í byggð. Tillaga og greinargerð.* Leiðbeiningar Minjastofnunar nr. 3. Reykjavík: Minjastofnun Íslands.

Hörður Ágústsson (1980). *Húsakönnun á Eskifirði.* Reykjavík: Húsafríðunarnefnd, Skipulagsstjóri og Eskifjarðarkaupstaður.

Hörður Ágústsson. (1978). *Húsakönnun í Stykkishólmi.* Reykjavík: Húsafríðunarnefnd, Skipulagsstjóri ríkisins, Stykkishólmshreppur.

Hörður Ágústsson og Þorsteinn Gunnarsson. (1970). *Reykjavíkurkönnun 1970.* Óutgefið handrit í vörlu Borgarsögusafns.

Lög um menningarminjar, nr. 80/2012.

Lög um verndarsvæði í byggð, nr. 87/2012.

Nanna Hermansson, Júlíana Gottskálksdóttir, Hjörleifur Stefánsson o.fl. (1977). *Grjótaþorp 1976. Könnun á sögu og ástandi húsanna.* Reykjavík: Árbæjar safn.

SAVE Kortlægning og registrering af bymiljöers og bygningers bevaringsværdi. (2011). Sótt 8. nóvember 2019 af https://slks.dk/fileadmin/user_upload/kulturarv/fysisk_planlaegning/do_kumenter/SAVE_vejledning.pdf. Kaupmannahöfn: Kulturarvsstyrelsen.

Skipulagslög 123/2010.

Skipulagsreglugerð nr. 90, 16. janúar 2013.

Pórbergur Þórðarson. (1975). *Ofvitinn.* Reykjavík: Mál og Menning.